

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

DESEMBER 2007

12. tbl. 14. árg.


Lyf & heilsa
Mjódd
Ópið virka daga 9-18:30 og laugardaga 10-14


Nytt heimili
www.nytt.is
fasteignasala
reynir erlingsson, löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
414 6600

Lyfjaval
A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
B Í L A A P Ó T E K
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



Fyrsti snjórinn í Breiðholti vakti ánægju ungu kynslóðarinnar. Þarna eru þau; Sara Rut, Anna Briet og Viktor Örn, sem öll eru í Breiðholtsskóla að leika sér fyrir utan frístundaheimilið Bakkasel.

Mislæg gatnamót á Bústaðaveg

Stjórn íbúasamtakanna Betra Breiðholts telur að endurhanna verði þau mislægu gatnamót sem gert var ráð fyrir að byggja á mótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar og bjóða framkvæmd þeirra síðan út hið fyrsta. Stjórnin telur að færa eigi gatnamótin aðeins í vestur frá núverandi stað því að með þeirri tilfærslu megi komast hjá því að skerða grænu svæðin í Elliðaárdal. Þetta kom m.a. fram á blaðamannafundi sem samtökin efndu til sl. föstudag.

Íbúasamtökin Betra Breiðholt hafa lengi haft gerð þessara mislægu gatnamóta á stefnuskrá sinni en hafa nú ákveðið að herða baráttuna fyrir þessari framkvæmd. Rökin fyrir því eru einkum þau að ljósastýrð umferð af Bústaðavegi inn á Reykjanesbraut tefji mjög umferð um Reykjanesbrautina og lengi ferðatíma íbúa Breiðholtsins verulega. Dæmi um óþarflega langan ferðatíma megi nefna að allt að 30 mínútur geti tekið að fara frá Breiðholti niður í Kvos í miðborg-

inni á annatímum kvölds og morgna og ástandið fari stöðugt versnandi. Í tilefni af umferðaviku tók stjórn íbúasamtakanna ákvörðun um að skora á borgarráð og borgarstjórn að bjóða út gerð mislægra gatnamóta en í september sl. hafi stjórnarmönnum Betra Breiðholts borist til eyrna að ekki væri útlit fyrir að ráðist yrði í gerð þeirra í bráð. Á fundi stjórnar Betra Breiðholts með fréttamönnum kom einnig fram að gerð mislægra gatnamóta á þessum stað myndi

draga verulega úr umferðarslysum. Aftanákeyrslum hafi fjölgað umtalsvert á þessum gatnamótum sem og lausagangur bifreiða sem standi við rauð ljós valdi umtalsverðri mengun. Þá hafi hluti Reykjanesbrautar sunnan Breiðholts verið breikkaður og valdi það ásamt stórauðinni atvinnustarfsemi í austanverðum Kópavogi og í Garðabæ vaxandi umferð um nyrðri hluta Reykjanesbrautar sem bitni verulega á íbúum Breiðholtsins. Sjá nánar á bls. 6.

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Sælkeramatur úr Þinni Verslun


Pantið jólamatin
tímalega



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

aliandabringur
aligæsir
lynghænur
villigæsir
ferskir kalkúnar
kalkúnabringa
hamborgarahryggir
Borgarneshangikjöt
KEA hangikjöt
sauðahangikjöt
hreindýrakjöt
skógardúfur
dádýrakjöt
nautasteikur
rifjasteik
Hólsfjallahangikjöt



svínabogar
ný svínalæri
reykt svínalæri
reyktur lax
grafinn lax
reykt laxapate
reyktur silungur
fiskipate
jólasild
magall
reyktur svínabogur
laufabrauð
parmaskinka
pate í úrvali
Húsavíkurhangikjöt
krónhjartarkjöt o.fl.

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

12. tbl. 14. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti



Menningarviðburðir í Gerðubergi

Tveir metnaðarfullir menningarviðburðir fóru fram í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi helgina 24. og 25. nóvember. Annars vegar ritþing með Sigrúnu Eldjárn en hins vegar tónlistarviðburð með fiðluna í forgrunni í tilefni af degi hljóðfærisins. Rit- og sjónþing Gerðubergs hafa oftast verið vel sótt, stundum svo húsfyllir hefur verið. Þingin hafa verið eitt af því áhugaverðasta sem Gerðuberg hefur staðið fyrir í gegnum tíðina. Víða hefur verið borið niður á meðal rithöfunda, myndlistarfólks, hönnuða og arkitekta svo nokkuð sé nefnt. Ástæða er til að senda Gerðubergi hvatningu um að efna oftari til viðburða af þessu tagi svo áhugaverðir sem þeir eru og var ritþingið með Sigrúnu Eldjárn á dögnum engin undantekning að því leyti.

Sigrún er kunnur barnabókahöfundur og myndlistarmaður auk þess sem efnt hefur verið til skemmtilegrar sýningar eða útfærslu á ævintýraheimi hennar í tilefni sýningarinnar. Á sama hátt verður að teljast viðburður þegar flestir færustu og bestu fiðluleikarar þjóðarinnar koma saman ásamt öðru tónlistarfólki í tilefni af degi hljóðfærisins. Þegar viðburðir sem þessir fá minni aðsókn en full ástæða er til eða fara á einhvern hátt fram hjá fólki hljóta að vakna spurningar um hvað valdi. Þessir viðburðir voru ekkert síður kynntir og auglýstir en fyrri viðburðir af sambærilegum toga. Tímasetningin að þessu sinni var e.t.v. óhentugri fólki en venja er. Komið að skammdegi og fólk farið að horfa til jóla þótt það eigi ekki að koma niður á menningarviðburðum sem þessum. Hugsanlega þarf að huga meira að tengslum Gerðubergs við nánasta umhverfi - við hverfið sem það er staðsett. Ef til vill þarf að leggja meiri áherslu á að ná til fólks í nágrenninu er gert hefur verið. Aðsókn að atburðum helgarinnar 24. til 25. nóvember vekja upp spurningar um á hvaða hátt efla megi menningarviðburði í Gerðubergi enn frekar og koma skilaboðum um þá á framfæri við Breiðhyltinga sem aðra.

Lofsvert framtak

Framtak ÍR til að laða börn af erlendum uppruna að íþróttastarfi er farið að skila árangri í aukinni þátttöku þeirra. Einnig er um þarft verk að ræða að kanna orsakir þess af hverju þau börn sækja síður íþróttatæfingar en önnur eins og verið er að gera. Ástæður þess geta verið ýmsar. Þjóðir og samfélög eiga misríkar íþróttahæðir og sumar ekki eins ríkar og við. Niðurstöður könnunar af þessu tagi geta hjálpað forsvarsfólki íþróttafélaga, skóla og annarra sem koma að uppeldismálum að finna leiðir til þess að auðvelda ungu fólki af erlendum uppruna leið að íþróttum og heilbrigðu líferni.

Því miður heyrast stundum neikvæðar raddir í garð þessa fólks og þeirra sem vilja greiða götu þess hér á landi. Á fréttavefnum visir.is mátti nýlega lesa tilvitnun í móður í Breiðholti eftir að dreifibréf á nokkrum tungumálum hafði borist í póstkassann hennar. Ummæli hennar sýndu svo ekki var um villst að hún taldi enga ástæðu til þess að reyna að ná til nýbúa á þeirra eigin tungumálum til þess að hvetja börnin þeirra til þess að koma og stunda íþróttir. Umrætt bréf frá körfuknatleiksdeild ÍR var einkum ætlað foreldrum sem e.t.v. hafa ekki lært íslensku að því marki að geta lesið hana að gagni. Börnin ganga í íslenska skóla og læra íslensku. Ákveðinn misskilningur felst því í ummælum þessarar móður. Spurning er um hvað fær fólk til að ala slík sjónarmið með sér en ástæðurnar geta verið ýmsar. Framtak ÍR er jákvætt og lofsvert og því ber að fagna.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Kröfum um breytingu á Arnarnesvegi hafnað

Umhverfissráðherra hefur úrskurðar um kæru sem Samtök íbúa í Seljahverfi lögðu fram vegna fyrirbyggjandi áætlana um legu Arnarnesvegur í Vatnsendahvarfi. Í úrskurðinum er hafnað kröfum um breytingar á niðurstöðum skipulagastofnunar þótt bæði Umhverfisstofnun og Umhverfisstofa Reykjavíkur hafi að nokkru tekið undir þau sjónarmið íbúanna að draga megi úr skaða á útivistarsvæðinu vestan í Vatnsendahvarfi með því að færa veginn ofar. Ljóst má vera að tæknilega sé er það mögulegt án þess að þrengja um of að væntanlegri íbúðabygging í Kórahverfi í Kópavogi. Er það mat íbúasamtakanna að þarna stefni í skipulagsmístök og óþarflega mikil umhverfisspjöll vegna þess að ákvarðanir hafa fremur verið teknar með tilliti til marka sveitarfélaga en umhverfis og aðstæðna.

Kynningastarfsemi ÍR ber árangur

Körfuboltadeild ÍR hefur gefið út kynningarbækling á sex tungumálum fyrir börn 11 ára og yngri. Þótt börn af erlendum uppruna gangi í íslenska grunnskóla og læri íslensku þá er óvíst hvort foreldrar þeirra hafi náð nægilega góðum tökum á íslenskunni til þess að þau lesi upplýsingabæklinga sér að gagni þótt þau geti tjáð sig á tungumálinu. Af þeim sökum var brugðið á það ráð að gefa út upplýsingabækling á helstu tungumálum sem fólk af erlendum uppruna á að móðurmáli. Þátttaka barna af erlendum uppruna í Breiðholti hefur aukist verulega í körfunni að undanförunni og má að líkindum rekja það að einhverju leyti til þessarar kynningarstarfsemi. Framtak ÍR er þegar farið að skila árangri.

Seljaskóli í öðru sæti

Seljaskóli hafnaði í öðru sæti í keppninni um Skrekkin að þessu sinni en nemendur Hlíðaskóla náðu fyrsta sætinu. Skrekkurinn er hæfileikakeppni sem ÍTR stendur að fyrir grunnskólana í Reykjavík. Tuttugu og níu skólar tóku þátt í Skrekkinum að þessu sinni og stóðu átta skólar eftir sem kepptu síðan um sjálfan Skrekkin fyrir troðfullum sal í Borgarleikhúsinu og í beinni útsendingu á Skjá Einum.

Svifryk yfir heilsuverndarmörkum

Svifryk hefur verið hátt yfir heilsuverndarmörkum í Reykjavík að undanförunni. Sólarhringsmeðaltal hefur náð allt að 100

míkrógrömmum á rúmmetra að undanförunni. Hálfímagildi frá 10.30 til 11.00 var 250 míkrógrömm en sólarhringsviðmiðunarmörkin eru 50. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum fóru gildin nýlega yfir 50 míkrógrömm. Svifryk er mest í þurru og björtu verði en minnkar ef rignir. Borgarbúar geta fylgst með svifryksmælingum á heimasíðum Umhverfissviðs, Menntasviðs, Leikskólasviðs og Reykjavíkurborgar. Svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfærin.

Aðeins fjórðungur á nagladekkjum

Aðeins um fjórðungur bifreiða í Reykjavík er nú á nagladekkjum samkvæmt talningu sem gerð var um miðjan nóvember. Leyfilegt var að setja neglda hjólbarða undir bíla 1. nóvember. Á sama tíma í fyrra voru 33% bifreiða á negldum hjólbörðum þannig að heldur dregur úr notkun þeirra. Árleg talning var gerð í 46 viku ársins eða 13. nóvember og skiptist hlutfallið þannig að 25% ökutækja var á negldum dekkjum og 75% á öðrum dekkjum. Sterkt samband er á milli fjölda bifreiða á negldum dekkjum og svifryksmengunar í borginni þar sem naglarnir spæna upp malbikið. Draga þarf úr hlutfalli nagladekkja til að fækka þeim dögum þar sem mengunin fer yfir heilsuverndarmörk.

Verkefnisstjóri um málefni fatlaðra

Jóna Rut Guðmundsdóttir, sálfræðingur og félagsráðgjafi hefur verið ráðin sérstakur verkefnastjóri til að vinna að færslu verkefna á sviði málefna fatlaðra frá ríki til Reykjavíkurborgar. Með tilfærslu verkefna á því sviði gefast Reykjavíkurborg betra tækifæri til að samþætta enn frekar þjónustu við þennan hóp. Kostir nærsamfélagsins verða nýttir, notendur

komast nær þjónustunni og fá meiri tækifæri til að hafa áhrif á hana. Reynsla af slíkum tilflutningi hefur leitt í ljós að þjónustan verður sveigjanlegri og að nærumhverfið nýtist til aukinnar valdeflingar hlutaðeigandi einstaklinga. Með þessari ráðningu vill Velferðarsvið leggja sitt lóð á vogarskálar til þess að flýta fyrir og standa sem best að umræddum verkefnaflutningi í þágu þeirra sem þurfa heildstæða aðstoð í lífi sínu.

Embætti borgarritara lagt niður

Borgarráð hefur samþykkt að leggja embætti borgarritara niður. Embætti borgarritara var stofnað af fyrrverandi borgarstjórnarmeirihluta þann 19. júní sl. Samþykktin fól í sér að borgarritari væri æðsti embættismaður borgarinnar að borgarstjórafrátöldum og staðgengill hans. Embættið hefði yfirumsjón með þremur stjórnsýsluskrifstofum og sex fagskrifstofum í Ráðhúsinu.



Hárblik

Sími 557 8180

Eddufelli 2

Óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða



Opnunartími:

Mánud. - Miðvikud.	10 - 18
Fimmtudaga	10 - 18
Föstudag	10 - 19
Laugardaga	10 - 14



10% afsláttur fyrir aldraða og öryrkja

OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA

BREIÐHOLTSBÚAR

Gegn framvísun þessa miða fæst

15% AFSLÁTTUR

af jólatrjám til 14. des. 2007



JÓLASVEINA- HEIMSÓKN

Skyrgámur og
harmonikkusveinninn
mæta í jólatrjáaskógin
kl. 15.30
laugardag og sunnudag!



HEITT SÚKKULAÐI



Heitt súkkulaði
og piparkökur
í jólatrjáa-
skóginum.

Skreyttar leiðisgreinar
frá

1.190kr



TILBOÐ

Jólatrésfótur

1.990kr



Stöðugur og tekur
2½ líter af vatni

TILBOÐ



GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

VIDTALIÐ

Ég er bóndi í mér

Ólafur R. Dýrmundsson, ráðunautur hjá Bændasamtökunum, fjáreigandi til margra ára er frumbyggji í Breiðholti. Hann segist snemma hafa tekið ákveðnu ástfóstri við íslensku sauðkindina og það ástfóstur hafi haldist. “Ég hef afskaplega gaman af kindum. Ég átti líka kindur um tíma norður í Húnavatnssýslu þaðan sem ég er ættaður þannig að ég bjó í þeim skilningi lengi á tveimur stöðum á landinu. En búskapurinn hófst í Vogunum.

Foreldrar mínir fluttu þangað þegar ég var barn að aldri. Ég ólst þar upp og þar eignaðist ég fyrstu sauðkindurnar árið 1957. Ég var í samvinnu með pilti sem var tveimur árum eldri en ég og við önnuðumst kindurnar saman fyrstu þrjú árin. Við vorum með þær á Hálogalandi en urðum svo að hörfa undan byggðinni. Ég var ekki á því að hætta búskapnum og svo fór að ég byggði mér fjárhús í fjárborg við Breiðholtsveg. Það eru fyrstu tengslin við Breiðholtið. Ég var þar með sauðfé til 1968 að fjárborgin varð að víkja. Þá varð svolítið hlé í fjárbúskapnum en svo fór ég að vera með kindur í Vatnsendalandi. Þá var ég fluttur í Breiðholtið og var með kindurnar fyrir austan Vatnsendahverfið. Ég var því orðinn mjög kunnugur á þessu svæði og þekkti raunar allt Breiðholtssvæðið, fyrst vegna veru minnar í fjárborg og síðan búskapsins á Vatnsenda. Ég hef því lengi verið tengdur útjöðrum borgarinnar en þau hafa orðið örlög okkar þessara fjáreigenda í Reykjavík. Eftir því sem byggðin hefur vaxið þá höfum við orðið að færa okkur nær útjöðrunum og út fyrir þá. Fyrir um 40 til 50 árum var sauðfé inn um allan bæ. Í Vesturbænum og allsstaðar. Þetta er síðan þróun sem verður. Sauðfé



Ráðunauturinn og fjárbóndinn Ólafur R. Dýrmundsson við fjárárátt í Fossvallarétt á liðnu hausti.

Mynd Geir Guðsteinsson.

á ekki lengur samleið með mannabyggðinni. En búskapurinn hefur alltaf verið ríkur í mér og það tengdist honum að ég valdi mér landbúnað þegar kom að framhaldsnámi og fór síðan í sérnám í sauðfjárrækt. Þetta tengist allt saman. Ég er bóndi í mér,” segir Ólafur sem tengist bæði hinu 80 ára Fjáreigendafélagi Reykjavíkur og Breiðholti. Þetta er sterktur bóndi.

Ríð ekki hrossum upp á próf

“Búskapurinn varð til þess að ég flutti í Breiðholtið. Að byggja

þar var skemmtilegur kaflinn í lífi mínu. Ég gerði það ekki aðeins fyrir sjálfan mig heldur líka dóttur mína sem þá var komin með hesta. Ég hafði alltaf verið meira fyrir sauðkindina en var þó vanur svokölluðum brúkunarhestum úr sveitinni. Kerruhestum og rakstrarvélahestum sem voru notaðir við landbúnaðarstörf fyrir tíma og á frumárum dráttarvéla. Ég hafði aldrei stundað reiðmennsku og ríð ekki hrossum upp á neitt próf þótt ég geti komist leiðar minnar á hestum. Við eignuðumst tvo hesta þegar við fluttum í Breiðholtið og fengum leyfi til þess

að vera með þessa gripi. Þetta gekk ágætlega til að byrja með en síðan gerðist það að farið var að byggja mikið í Kópavoginum og nú stefnir í að byggður verði svonefndur Arnarnesvegur sem mun kljúfa Vatnsendahvarfið alveg í sundur og skipta því í tvennt. Því er orðinn mjög erfitt að vera með hesta þarna efra þar sem tengingarnar við reiðleiðir, sem voru til skamms tíma, eru horfnar en það er allt í lagi að vera með fáeinir kindur. Þær eru bara fluttar heim á haustin í kerru og svo er gott gerði þar sem ég get lofað þeim að vera úti. Á vorin eru þær svo

aftur fluttar í sumarhaga eða á afrétt.” Ólafur segir að þegar þessi efsti hluti Seljahverfisins hafi verið skipulagður hafi verið gert ráð fyrir möguleikum íbúa nokkurra gatna að vera með smábúskap. “Ég held að það hafi verið 14 lóðir sem voru skipulagðar í efstu götunum fyrir ofan Jaðarselið með möguleika á smábúskap fyrir augum og heimildum til þess að byggja gripahús og þá fyrst og fremst hesthús. Við vorum nokkuð mörg með hesta þarna á tímabili en nú eru engir hestar eftir og ég er bara með kindurnar.”

Tókst að fá veginn færðan

Ólafur segir svæðið fyrir ofan Seljahverfið fremur gróðursælt. Á sínum tíma hafi verið farið fram á við borgaryfirvöld að planta trjáum í hæðina. “Af því varð ekki að öðru leyti en nokkru var plantað af furu. Hún reyndist hins vegar ekki vel á þessum stað og mikið af trjánum drápust. Ég hef á hinn bóginn reynt að hlúa að gróðri í næsta nágrenni við mig og notað sauðataðið sem áburð. Það hefur gefist vel og ég held að ýmsir sprotar sem þarna hafa vaxið eigi taðinu sitt að þakka. Ég tel að yfirvöld hafi sýnt nokkra framsýni á þessum tíma með því að leyfa smábúskap á takmörkuðu svæði en síðan var aldrei lokið við verkið. Það átti að koma reiðvegur fyrir ofan svæðið sem aldrei var lagður og síðan gerist það að aðliggjandi sveitarfélag með miklar framkvæmdir þrýstir fast á um umferðaræð og að lokum mun Arnarnesvegurinn kljúfa þetta svæði sem ætlað hafði verið til útivistar og þá einkum fyrir hestafólk.” Ólafur segir að ætíð hafi verið mjög skiptar skoðanir um vegaframkvæmdir á þessu svæði og hugmyndir þar um vald-

Samofin saga

Fjáreigendafélag Reykjavíkur er 80 ára um þessar mundir. Saga þess tengist sögu Breiðholtsins með ýmsum hætti. Ólafur R. Dýrmundsson er báðum þessum þáttum kunnugur og var hann beðinn um að rifja upp eitt og annað úr þessari sögu búskapar í þéttbýli. Hann segir vel við hæfi að minnst þessa félagsmenn í tilefni afmælisins en félagið var stofnað 2. desember 1927. “Þann vetur voru skráðir 123 fjáreigendur í bænum, bæði á bújörðum og utan þeirra, og áttu þeir samtals 1375 vetrarfóðraðar kindur. Flest var féð í Bústöðum, 164 kindur, en næst fjárflesta hjörðin var í Breiðholti og var stundaðar fjárbúskapur þar fram á 7. áratug liðinnar aldar.”

Breiðholtsgirðingin

“Eftir að Fjáreigendafélag Reykjavíkur hafði verið stofnað undir formennsku Magga Júl. Magnúss læknis, sem bjó á Klömbrum, þar sem nú heitir Miklatún, var farið að vinna að ýmsum hagsmunamálum. Eitt það helsta var að útvega heppilegt beittland vor og haust því að ágangur í garðlönd bæjarbúa þótti að vonum mjög bagalegur. Það urðu því mikil þáttaskil þegar félagið samdi við bæjarstjórnina um Breiðholtsgirðinguna sem reist var árið 1933. Hún umlukti mest allt það land sem afmarkaðist af Blesugróf, Elliðaáum, Vatnsendahvarfi, gamla Breiðholtsvegnum sem lá um Mjódd og upp í Vatnsendahvarf, nokkuð norðan við Breiðholtsbæinn, þ.e.a.s. nokkurn veginn þar sem nú eru Stekkir, Bakkar, Hólar, Berg og Fell. Sunnan girðingar var Breiðholtslandið, um það bil núverandi Skógar og Sel.”

Breiðholtsréttin

“Samhliða Breiðholtsgirðingunni, sem var vönduð að gerð, var reist stór, ferhyrnd rétt úr timbri og refaneti við norðvesturhorn hennar, þ.e. ofan við Blesugróf. Breiðholtsréttin stóð í raun skammt frá þeim stað þar sem

mislaegu gatnamótin eru á Stekkjarbakka. Almennigurinn var það stór að allt safnið var rekið beint inn í hann, yfir Vatnsveituvegin og fjárflutningabílar gátu athafnað sig inni í honum án vandkvæða þegar drætti var lokið. Í norðausturhorninu var all rúmgóður bárujárnskur þar sem réttargestir gátu leitað skjóls í haustgríningum. Ég kynntist ekki réttarhaldi í Breiðholtsrétt fyrir en eftir 1957, þegar ég gerðist fjáreigandi í Reykjavík. Þar var hin ágætasta réttarstemning þótt fé og fjáreigendum væri farið að fækka. Smalað var til réttarinnar fjórum sinnum, þ.e. til rúnings um mánaðarmót júní - júlí, og til þriggja haustréttar, þ.e. í lok september, tveim vikum síðar í október og í byrjun nóvember sem kallaðist “hrútarétt”. Lögréttin var við Hafravatn, í samfélagi við Mosfellinga, en Fossvallarétt við Lækjarbotna tók við því hlutverki 1986 eftir að hafa verið sundurdráttarrétt frá 1957 fyrir afrétt Seltjarnarhrepps hins forna sem sveitarfélögin Seltjarnarnes, Reykjavík og Kópavogur hafa nýtingarrétt í til sauðfjárbæitar að jöfnum hluta hvert. Fjáreigendafélag Reykjavíkur hafði í raun forystuhlutverki að gegna við alla framkvæmd fjallskila, sauðfjáreigendur á Seltjarnarnesi voru í félaginu enda ekki til slíkt félag þar og nokkrir fjáreigendur í Kópavogi voru líka félagsmenn því að Sauðfjáreigendafélag Kópavogs var ekki stofnað fyrir en 1957. Allt til haustsins 1965, þegar ekki var lengur hægt að nýta Breiðholtsgirðinguna og réttina, var fé úr 1. Hafravatnsrétt rekið þangað en á þeim tíma var farið að bílflytja útréttafé sem kom úr öllum nærliggjandi sveitarfélögum. Sumir tóku fé sitt beint úr Hafravatnsrétt en samt var af nógu að taka, sérstaklega í 1. rétt þegar réttið var í Breiðholtsrétt á laugardegi í lok réttarvikunnar í Landnámi Ingólfs Arnarsonar.”

Fjárborgirnar

“Á 6. áratug liðinnar aldar var enn stundaðar fjárbúskapur víða um Reykjavík við mjög breytilegar aðstæð-

ur. Byggðin þrýsti á og því lagði Fjáreigendafélag Reykjavíkur mikla áherslu á að fá lóðir undir fjárhúsabyggingar á þessum árum. Það tókst 1959, yfir 30 hús voru byggð á afgirtri mýrarspildu upp af Blesugróf, í tungu sem myndaðist á milli Nýbýlavegar (nú Smiðjuvegur) og Breiðholtsbrautar (nú Reykjanesbraut). Þessi byggð stóð til 1968 en landið var ósnert þangað til mislæg gatnamót og stórhýsi hreinlætisvörfuþyrirtækisins Tengis voru reist þar fyrir fáeinum árum. Seinni hluti 7. áratugarins var félaginu mjög erfiður því að þá var reynt að útrýma sauðfjárbúskap úr Reykjavík. Með seiglu sauðkindarinnar að leiðarljósi lét félagið ekki bugast og tókst að ná samkomulagi við Reykjavíkurborg um spildu undir allt að 40 hús, neðarlega í Hólmsheiði, á möts við Rauðhóla. Þegar fénu fækkaði fóru hestamenn að kaupa hús í Fjárborg og einnig fóru þeir fjáreigendum fjölgandi sem áttu líka hesta. Nú er svo komið að þar eru aðeins um 200 vetrarfóðraðar kindur í 11 hjörðum en einn félagsmaður er með kindur utan Fjárborgar. Fjárlaust hefur verið á Seltjarnarnesi í rúmlega 40 ár og í Kópavogi eru aðeins eftir kindur á Vatnsenda þannig að heildartalan í upprekstrarfélaginu er innan við 300 vetrarfóðraðar kindur. Fyrir um hálfri öld voru þær flestar um 5000 í Reykjavík, Kópavogi og á Seltjarnarnesi.”

Enn sauðburðar á vorin og réttir á haustin

“Áttatíu ára saga Fjáreigendafélags Reykjavíkur endurspeglar hraðfara breytingar úr sveit í borg. Margt fleira mætti minnst úr sögu félagsins svo sem landakaupa í Hvassahrauni, áratuga uppgræðslustarfs í afrétti, útrýmingar riðuveiki og félagsstarfs á borð við sviðaveislur og þorablót, að ógleymdum hrútasýningum. Í raun er sauðfjárhald orðið eitt af því fáa í Reykjavík sem minnir á sveitabúskap. Ætli þær séu ekki orðnar fáar höfuðborgirnar sem hafa aðstöðu til þess að sýna leikskólabörnum sauðburð á vorin án þess að fara út í sveit? Og eitt er víst að engin höfuðborg í heiminum önnur en Reykjavík getur boðið börnum og foreldrum að koma í eigin réttir á haustin. Að lokum má geta þess að núverandi formaður Fjáreigendafélags Reykjavíkur, Árni Ingason líffræðingur, er Breiðhylltingur.”

ið deilum. “Eftir að ég fluttist í Breiðholtið mynduðust grasrótarsamtök á svæðinu út af hugmyndum um þessa veglagningu. Í fyrstu var ekki búið að ákveða hvar vegurinn ætti að liggja. Fyrir um aldarfjórungi var myndaður þrýstihópur sem fór að vinna í þessum málum og ég er einn af talsmönnum hans enn þann dag í dag. Þessi vegur er þegar kominn upp í Salarhverfið í Kópavogi og á næstu tveimur árum mun ráðgert að fara af stað með framkvæmdir við áframhaldandi byggingu hans úr Salarhverfinu og alveg yfir á Breiðholtsbraut þar sem ætlunin er að sprengja niður í Vatnsendahvarfið. Vegagerðin hefur heitið því að við fáum að fylgjast með og ég hef reyndar á hverju ári haft samband við Vegagerðina til að fylgjast með gangi mála. Niðurstaðan í þessu máli er þó sú að við höfum ekki tapað baráttu okkar þótt við höfum ekki fengið veginn færðan yfir hæðina eins og við gerðum ráð fyrir. Við kærðum staðsetningu vegarins á öllum skipulagsstigum og gerðum allt sem við gátum til þess að koma athugasemdum á framfæri. Niðurstaðan varð sú að okkur tókst að fá veginn færðan nokkru ofar sem munar tölverðu fyrir byggðina í götunum fyrir neðan. Þetta var því viss áfangasigur fyrir okkur íbúana hér efst í Breiðholti.”

Umhverfisslys á Vatnsendahæð

Ólafur segir vandamál að skipulag höfuðborgarsvæðisins sé ekki nægilega samféllt. Hvert sveitarfélag sé að skipuleggja út af fyrir sig án nægilegs samráðs við nágranna sína. Arnarnesvegurinn sé dæmi um skipulagsframkvæmd sem deilur hafi orðið um. “Við í Efsta Breiðholtiinu köllum Arnarnesveginn ákveðið skipulagsslys þrátt fyrir áfangasigur okkar um að fá hann fluttan aðeins frá byggðinni. Þarna er mjög gott útivistarsvæði.

Þarna er ágætis berjaland og börn úr leikskólum borgarinnar koma seinnipart sumar til þess að fara í berjamó. Vegagerðin heitir því reyndar að girða veginn vel af en ég hef aldrei skilið af hverju Vatnsendahvarfið fékk ekki veglegra hlutverk í skipulaginu en að vera klofið í tvennt með umferðaræð vegna þess að þetta hefði geta orðið besta útsýnismiðstöðin á öllu höfuðborgarsvæðinu. Fólk hefur verið að koma upp á hæðina á gamlárskvöld og einnig hefur verið komið með útlendinga á meðan þangað var greiðfært. Ég held að reisa hefði mátt mjög góða útsýnisstöð á Vatnsendahæðinni þar sem hús Símans og Ríkisútvarpsins eru. Ekki síst vegna þess hversu hringsýning var falleg í björtu veðri. Í stað þess að huga að þessum möguleika verða byggð mislæg gatnamót í hæðinni sem koma á mótis við efstu húsin í Breiðholtiinu - rétt fyrir ofan skíðabrekkuna sem nú er og sem betur fer verður hún ekki eyðilögð með þessum samgöngu-mannvirkjum. Ég tel að þetta stafi einkum af feiknarlegri ásókn í uppbyggingu af hálfu Kópavogsbæjar þar sem ekkert tillit er tekið til umhverfisverndar. Af því hafi orðið ákveðin umhverfisslys á Vantendahæðinni. Ég tel að Vegagerðinni og Reykjavíkurborg hafi verið þröngvað út í þessa framkvæmd.”

Nei - ég er ekki á förum úr Breiðholtiinu

Ólafur segist þó ekkert láta þetta á sig fá. “Nei - ég er ekki á förum úr Breiðholtiinu. Mér líkar vel að búa hér. Þetta er gott mannfélag og hafi eitthvað niðrandi verið sagt um Breiðholtið á liðnum árum þá er flest af því tomt rugl. Það getur verið veðrasamt í hverfinu í einstökum vindáttum og þá einkum í vestanáttinni. Esjan skýlir Breiðholtiinu hins vegar fyrir norðanvindum sem geta leikið aðra borgarhluta grátt. Ég

finn það best þegar ég fer heim úr vinnunni. Það getur verið strekkingur af norðri vestur á Melum en svo þegar maður kemur hingað upp eftir þá er hægur vindur eða allt að því logn. Að vísu er kaldara hér efra og það getur verið snjóföl á jörð í Breiðholtiinu þegar er autt á láglendinu í Miðbænum og Vesturbænum og jafnvel inn í Vogum. Ég sé ekki annað en að ég geti fengið að vera hér áfram í ró og næði með minn smábúskap þótt vegur verið lagður yfir gamlar reiðleiðir og úrvals útivistarsvæði.” Ólafur segir tómstundir sínar fara í smábúskapinn. “Ég held mig við lífrænan búskaparhátt. Ég nota ekki eiturefni og ekki tilbúinn áburð en tengi sauðfjáreignin saman við garð- og trjáræktina. Þetta fer afar vel saman. Þau eru falleg trén sem ég hef ræktað upp með lífrænum húsdýraáburði, segir ráðunauturinn og ræktandinn í Breiðholtiinu.”





varahlutir.is

Bretti, húdd, ljós, stuðarar...

Boddývarahlutir á bílinn þinn

S: 511 2222

varahlutir.is Smiðjuvegi 8, Kópavogi

Mikið úrval af fatnaði frá:

ESPIRIT, SHARE og JENSEN

Alltaf eitthvað nýtt.

Sjón er sögu ríkari

Verið velkomnar



Mjódd • Sími: 5575900



Hægt er að sækja um Greiðslulykil EGO á www.ego.is – og þú færð hann sendan heim!



Þú sparar 2 aukakrónur ef þú notar Greiðslulykil EGO.
Einnig bjóðum við upp á **rúðuvökva á dælu** sem er ótrúlega einfalt!



EGO er við: Fellsmúla, Hæðasmára, Salaveg, Smáralind, Stekkjarbakka og Vatnagarða!

Málþing í Miðbergi



Frá málþinginu í Miðbergi. Fremstan á myndinni má sjá Jón Björnsson, sálfræðing og fyrirlesara á þinginu.

Málþing um leiðir til að styrkja samstarf stofnana í hverfum Reykjavíkurborgar fór fram í félagsmiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti á dögunum. Það voru velferðarsvið, menntasvið, leikskólasvið, ÍTR, og umhverfissviði Reykjavíkurborgar sem stóðu fyrir málþinginu og öllum stjórnendum í hverfum borgarinnar og öðrum starfsmönnum sem tengjast hverfastarfi boðin þátttaka í því.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri sagði í ávarpi við upphaf þingsins að stofnaður hafi verið sérstakur forvarna- og framfarasjóður Reykjavíkurborgar til að

styrkja forvarnarverkefni í borgarhverfunum og að stofnfé væri 300 milljónir króna. Jón Björnsson sálfræðingur hélt inngangserindi málþingsins og ræddi þar m.a. um gildi margbreytninnar í borgarlífinu og nýtingu félagsauðs. Að loknu erindi Jóns var málþinginu skipt upp í átta málstofur þar sem m.a. var fjallað um samfellu í skólastarfi, foreldrasamstarf, áhrif umhverfis á uppleði og forvarnir. Öllum hugmyndum sem fram komu í málstofum verða nýttar til að styrkja samstarf stofnana og efla tengslanet í hverfunum með það að markmiði að bæta þjónustu við borgarbúa.



Stjórn íbúasamtakanna Betra Breiðholt á fréttamannafundi á dögunum. Fr.v. Bogi Arnar Finnbogason, Kolbrún Baldursdóttir, Helgi Kristófersson, Þorkell Ragnarsson, Gunnar H. Gunnarsson og Magnús Gunnarsson.

Þarf að færa gatnamótin 10 metra í vestur

Helgi Kristófersson, formaður íbúasamtakanna Betra Breiðholt segir nauðsynlegt að gangast fyrir gerð mislægra gatnamóta á mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar nú þegar. Ástandið á þessum gatnamótum sé orðið algerlega óviðunandi.

Um hálfa klukkustund geti tekid að fara úr Breiðholti niður í miðborg Reykjavíkur á annatíum, aftanákeysrslum hafi fjölgað umtalsvert þegar umferðin hægi á sér vegna hinna ljósastýrðu gatnamóta. Helgi segir að hugmyndir um mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar hafi verið kynntar fyrir borgarráði í október fyrir rúmi ári. Borgarráð hafi ekki fallist á þær útfærslur sem þá hafi verið lagðar fram um mislægni en þess í stað óskað eftir útfærslum í plani, þ.a.e. ljósa-

stýrð gatnamót sem greiða mættu fyrir umferð og auka umferðaröryggi. Ekkert hafi síðan gerst en á vegaáætlun 2008 sé gert ráð fyrir fjármagni vegna þessarar framkvæmdar.

Helgi segir eftir að hafa rætt bæði formlega og óformlega við marga embættismenn Reykjavíkurborgar virðist einna helst að orðið hafi gagnkvæmur misskilningur milli stjórnmalamanna annars vegar og embættismanna hinsvegar um málið. Engu líkara sé en að stjórnmalamennirnir hafi skilið embættismenn þannig að ekki væri hægt að endurhanna þessi mislægu gatnamót á þann hátt að hlífa mætti græna svæðinu í Elliðaárdalnum. Embættismenn virðist á sama tíma hafi skilið stjórnmalamennina á þann hátt en engin vilji væri fyrir endurhönnun

gatnamótanna nema að þau yrðu áfram umferðaljósgatnamót sem leysti alls ekki þann vanda sem við væri að eiga. Helgi segir að nú líti helst út fyrir að 600 milljón króna fjárveiting, sem búið sé að eyrnamerkja þessari framkvæmd í samgönguáætlun falli niður. “Við í stjórn Betra Breiðholts höfum rætt við nokkra verkfræðinga og borið undir þá hvort ekki sé unnt að endurhanna mislægu gatnamótin þannig að hlífa megi græna svæðinu algerlega. Það sem við höfum fengið út úr þessum viðræðum er að með því að færa gatnamótin um 10 metra í vestur, í áttina að Bústaðavegi megi endurhanna mislæg gatnamót án þess að þau valdi umhverfisskaða,” segir Helgi.



HJÓLKÓ

Hjólbarðaviðgerð Kópavogs ehf
Smiðjuvegi 26 (græn gata) • Sími 557 7200

45 ÁRA ÖRUGG ÞJÓNUSTA

Úrval góðra hjólbarða

- snögg og góð þjónusta.

Michelin - Cooper - Kumho

Jóga, slökun og styrking

Snúa streytu í vellíðan.

Phoenix Rising Yoga Terapy

8-vikna námskeið: 9/1 - 27/2, '08

Rut Rebekka - Stafnasel 3
Sími: 557-1565 • 696-4631 • rutrebekka@simnet.is

ER PABBI DÍLERINN ÞINN?

Foreldrar og aðrir fullorðnir mega ekki kaupa áfengi handa börnum yngri en 20 ára. Það er lögbrot.



LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lífið heil




BÓKAVEISLA!

ÆVISAGAN Í ÁR




Sveinn í Kálfskinni fer á kostum og rifjar upp fjölmörg ævintýri. Tekinn í landhelgi Jórdaninu - fyrir ólöglega seglbrettasiglingu!

ORÐ SKULU STANDA




Stórsnjallar og bróðskemmtillegar orðaprættir.

UMDEILDASTA BÓK ÁRSINS!




Bókin hefur valdið miklum deilum. Hún snertir trúarhugmyndir kristinna manna og fjallar um þær frá nýju sjónarhorni.

MEISTARAVERKI



Orrustan um Stalingrad var óhugnanleg í alla stæði og varð sennilega vendipunktur seinni heimsstyrjaldarinnar.

ÁTÖK Á HAFI ÚTI OG Í LANDI



Áttu Bretarnir einhver svör við togviraklippunum? Fróðleg og spennandi lesning.

Gerðu hagstæð innkaup í Nettó



Þú sparar 1.078 kr

40% afsláttur

1.617 kr/kg, áður 2.695 kr/kg
Ekta hangiaeri, úrbeinað



Þú sparar 539 kr

30% afsláttur

1.257 kr/kg, áður 1.795 kr/kg
Ekta hangiframpartur, úrbeinaður



Þú sparar 898 kr

50% afsláttur

898 kr/kg, áður 1.795 kr/kg
Ekta hamborgarhryggur



Þú sparar 1.028 kr

41% afsláttur

1.499 kr/kg, áður 2.527 kr/kg
Ísfugls kjúklingabringur



Þú sparar 580 kr

40% afsláttur

871 kr/kg, áður 1.451 kr/kg
Ekta bayonneskinka



30% afsláttur

97 kr/fl, áður 139 kr/fl
Egils appelsín, 2 ltr



30% afsláttur

69 kr/fl, áður 99 kr/ds
Egils malt, 500 ml



31% afsláttur

79 kr/fl, áður 115 kr/ds
Egils malt&appelsín, 500 ml

full búð af frábærum tilboðum
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 6.–9. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



Frá forvarnardeginum í Fellaskóla í Breiðholti.

Mikilvægt að eiga samvinnu við grenndarsamfélagið

Ungmennirnir voru í aðalhlutverki á forvarnardeginum sem var haldinn miðvikudaginn 21. nóvember í öllum grunnskólum landsins. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar og eru aðstandendur hans auk forsetaembættisins; Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Bandalag íslenskra skáta.

Forvarnardagurinn er byggður á rannsóknum sem fram hafa farið á vímuefnamálum við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Forvarnardagurinn er styrktur af lyfjafyrirtækinu Actavis.

Kynning í öllum 9. bekkjum

Kjarninn í forvarnadeginum felst í dagskrá í öllum 9. bekkjum landsins þann dag. Dagskráin byggist á áratuga rannsóknum sem sýna að þrjú ráð geta stuðlað að því að forða börnum og unglingum frá því að ánetjast fíkniefnum. Þar skiptir mestu máli að fjölskyldan verji sem mestum tíma saman og að börn og unglingar séu hvött til að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og félagsstarfi. Í tengslum við forvarnardaginn hafa að þessu sinni verið birtar auglýsingar í sjónvarpi sem vakið hafa athygli. Í auglýsingunum er þeirri aðferð beitt að ungmenni koma fram með ábendingar um leiðir sem fjölskyldur geta farið til þess að auka samheldni og fyrirbyggja þannig að ungmenni leiðist út í félagsskap þar sem hætta er á að þau kynnist og síðan hugsanlega ánetjast vímuefnum.

Klukkustund á dag með fjölskyldunni

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að þeir unglingar sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum, eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegri sé að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegri er að þau neyti síðar fíkniefna. Niðurstöðurnar byggja á rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem hafa um árabíl rannsakað áhættu- hegðun ungmenna og hafa þær vakið alþjóðlega eftirtekt. Grunnskólar í Breiðholti tóku þátt í deginum samkvæmt dagskrá sem var á þá leið að fulltrúi íþrótt- og æskulýðshreyfinga komu í heim-sókn og kynntu starfseminna. Um leið var kynntur netratleikur sem sömu aðilar stóðu að fyrir alla 9. bekkina. Þar á eftir var horft á myndband þar sem skilaboðunum þremur, um þátttöku í íþróttastarfi, samvera með fjölskyldunni og það að bíða með að hefja áfengisneyslu, var komið til skila. Þar á eftir voru umræðuhópar sem tengdust ofangreindum skilaboðum. Nemendur voru mjög áhugasamir um verkefnið og það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr hópastarfinu en niðurstöður úr því verða kynntar á málþingi um niðurstöður Forvarnadagsins 2007 sem verður í janúar eða febrúar.

Samveran er mikilvæg fyrir skólamenninguna

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Fellaskóla segir að dagur íslenskrar tungu hafa mikið gildi fyrir skólastarfið. Samveran sé mikilvæg auk þess sem grunn-skólunum ber að miðla menningararfinum. “Mér finnst mikilvægt að krakkarnir fái tækifæri til þess að koma fram. Nokkur buðust til þess að flytja ljóð og nutu þau sín vel í því hlutverki eins og reyndar allir aðrir sem komu fram þennan dag”

Kristín segir að samvera sem þessi og að gera sér dagamun hafi mikla þýðingu fyrir skólamenninguna. “Dagur íslenskrar tungu er merkis dagur og mikilvægt að halda hann hátíðlegan.” Kristín segir að samstarf skólans við grenndarsamfélagið sé gríðarlega mikilvægt vegna þess að skólinn hafi miklu samfélagslegu hlutverki að gegna. “Það er svo mikilvægt fyrir okkur að tengjast og eiga þetta góða samstarf t.d. við eldri borgarana í félagsstarfinu í Gerðubergi og við Tónskólann. Einnig er mikilvægt fyrir okkur að vinna með leikskólum hverfisins, en nemendur þeirra eru jú væntanlegir nemendur okkar. Mér finnst tilvalið og nauðsynlegt að hinar ýmsu stofnanir grenndarsamfélagsins komi saman og vinni að margvíslegum sameiginlegum verkefnum. Ég get líka nefnt að hingað kom Dagbjört Guðmundsdóttir með listaverk sem hún hafði unnið ásamt eiginmanni sínum. Tilurð listaverksins er að árið 2007 stóð Íslenska bútasamsfélagið fyrir samkeppni í samstarfi við Gerðuberg. Þemað var að vinna teppi út frá ljóði Jónasar Hallgrímssonar, Ég bið að heilsa. Listaverkið prýddi Fellaskóla þennan dag og vakti mikla athygli nemenda skólans og gesta.

Dagur íslenskrar tungu er hátíðadagur og þá er maður í hátíðaskapi. Við lögðumst því öll á eitt til þess að gera eitthvað fallegt og skemmtilegt. Það skiptir máli fyrir krakkana að fá gesti. Að taka á móti öðrum hefur mikla þýðingu og þarna mætust kynslóð-



Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri, í Fellaskóla setur hátíðina.

irnar, litlir krakkar og stórir og allir höfðu eitthvað fram að færa. Samkoman tókst mjög vel hjá okkur og fólk náði vel saman. Þetta var virkilega ánægjuleg stund hér í skólanum þar sem allir lögðust á eitt”.

Eigum ríkidæmi í fjölmenningunni

Yfir 30% af nemendum Fella-skóla eru af erlendum uppruna. Kristín segir að þessi börn taki að fullu þátt í viðburðum á borð við þann sem haldin er á Degi íslenskrar tungu. Þau hafi lesið upp ljóð og komið með sitt framlag til þessa dags og þessarar hátíðar rétt eins og önnur börn í skólanum. “Börn af erlendum uppruna koma með menningu og gildi með sér inn í skólann sem auðga skólastarfið. Viðburður á borð við Dag íslenskrar tungu hefur ekki síður þýðingu fyrir þau börn sem eiga sér annan uppruna en þau sem eru komin af alíslenskum rótum. Við komum oft saman í hátíðarsal skólans til að gera okkur dagamun t.d. höldum við hér árlega alþjóðlegan tungumáladag, fögnum Fullveldisdegi o.fl. Þessir viðburðir hafa mikla þýðingu fyrir okkur öll.” Kristín líkir fjölmenningunni við ríkidæmi.

“Það er mikill auður fólgin í því fyrir skólann að hér séu nemendur sem tala mörg tungumál og koma frá ólíkum menningarsvæðum. Í því felst styrkur og sóknarfæri fyrir skólastarfið. Hér eru mörg börn sem eru tvítyngd og við hvetjum foreldra af erlendum uppruna til þess að viðhalda móðurmáli barna sinna og lesa bækur frá heimalandinu jafnframt því að læra íslenskuna.” Kristín segir misjafnt hvernig innflytjendum gangi að aðlagast nýju umhverfi. Nemendur eru á ólíkum aldri þegar þau koma í skólann og aðlögun þeirra getur tekið mislangan tíma. Hvað varðar nám nemendanna þá gengur það misjafnlega enda er einstaklingsmunur innflytjenda auðvitað jafnmikill og annarra nemenda. Hlutverk okkar hér í skólanum er að veita öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra þá bestu þjónustu sem við getum og markmiðið í kennslu innflytjenda er að þau geti staðið innfæddum börnum jafnfætis í námi. Dagur íslenskrar tungu og hátíðarhöld af því tilefni er liður í að miðla menningararfinum og minna á mikilvægi íslenskunnar og ég held að allir nemendur skólans hafi notið þessa dags,” segir Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri.

Kynslóðirnar saman á degi íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Fellaskóla föstudaginn 16. nóvember sl. Sú skemmtilega hefð hefur skapast innan skólans að halda þennan dag hátíðlegan með því að kynslóðir komi saman. Auk nemenda og starfsmanna í Fellaskóla voru þar saman komin Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Gerðubergi, Gerðubergskórinn, börn og starfsfólk úr leikskólunum Ösp,Vinaminni, Fellaborg og Völvuborg og nemendur og kennarar úr Tónskóla Sigursveins D. Kristínssonar.

Samkoman hófst á því að Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Fellaskóla bauð alla velkomna og kynnti dagskrána. Kór eldri borgara - Gerðubergskórinn, söng tvö lög og nemendurnir Kormákur Atli Unndórsson, Feng KeJin og Daníel Andri Þorvaldsson lásu ljóð eftir Þórarinn Eldjárn. Leikskólabörn sungu og nemendur úr 7. bekk leiklásu söguna Stúlk-an í turninum og sýndu skugga-leikhús. Frá Tónskóla Sigursveins



Nemandi í Fellaskóla les ljóð eftir Þórarinn Eldjárn á degi íslenskrar tungu.

kom samspilshópur tíu nemenda sem flutti Flamenco de baile eftir José Rodríguez. Viðstaddir ungir sem aldnir sungu að lokum saman undir stjórn Þórdísar Þórhallsdóttur tvö lög. Kvæðið um fuglana við ljóð Davíðs Stefánssonar og Ég

bið að heilsa við ljóð Jónasar Hallgrímssonar en þennan dag voru liðin 200 ár frá fæðingu hans. Um undirleikinn sá fyrrnefndur samspilshópur auk fiðluleikara, píanóleikara og flautuleikara.

Ljósakrossar

Á leiði í garðinn

lýsa allt að 30 daga samfleytt.

sími 530 1700 / www.rp.is

Reykjalundur Dætur ehf.

Aðalfundur Betra Breiðholts

Umferðamál og lagfæring á skólalóðum

Umræður um umferðamál settu nokkurn svip á aðalfund Íbúasamtakanna Betra Breiðholt sem haldin var nýverið. Á fundinum var rætt um að stórt hlutfall af íbúum Reykjavíkur byggju í Breiðholti en sæktu vinnu og þjónustu vítt og breytt um höfuðborgarsvæðið. Umferð færi hraðvaxandi og nú færi einnig hluti af umferð á leið inn á Suðurlandsveg eða austur fyrir fjall um Breiðholtið. Af þeim sökum lægi mikið á að auka almennt öryggi í umferðinni en einnig að huga að breytingum á gatnakerfinu við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. Almenn velferðarmál voru einnig til umræðu og má þar

nefna öldrunarmál, menntamál og almenn félagsmál. Gunnlaugur Sverrisson, formaður hverfisráðs Breiðholts ræddi á fundinum um eðli íbúasamtaka. Hann óskað Betra Breiðholti til hamingju með eins árs afmælið og kom síðan fram með tillögu um hvort samtökin ættu að taka sér fyrir heldur eitt eða tvö verk í einu og nefndi skólalóðir í Breiðholti sérstaklega í því sambandi og hvað þær víða í óviðunandi ástandi. Á fundinum kom fram að mörg verkefni væru á dagskrá samtakanna og þar á meðal umbætur á skólalóðum í Breiðholti og stækkun skíðabrekkunnar fyrir ofan Seljahverfið.

Mynd- og sagnalist

Sigrúnar í Gerðubergi

Sigrún Eldjárn, rithöfundur og myndlistarmaður sat fyrir svörum á ritþingi Gerðubergs laugardaginn 24. nóvember sl. Sigrún er löngu kunn fyrir verk sín en eftir hana liggja 34 barnabækur sem hún hefur skrifað og myndskreytt auk þess sem hún hefur myndskreytt ritverk fjölda annarra höfunda. Þá hefur hún unnið níu barnabækur með bróður sínum Þórnari Eldjárn, skáldi og rithöfund.

Sigrún lauk námi úr grafíkdeild Myndlistar- og handiðaskóla Íslands árið 1977 en þar hafði hún m.a. numið hjá Ragnari Kjartanssyni, Leifi Breiðfjörð, Gylfa Gíslasyni og Hring Jóhannessyni. Eftir MH hélt Sigrún til Póllands þar sem hún stundaði nám við listaakademíurnar í Varsjá og Kraká. Fyrstu bókina, Allt í plati, sendi Sigrún frá sér 1980 og fljótlega á eftir kom út fyrsta samstarfsverkefni hennar og Þórnars bróður hennar sem bar heitið Gleymmérei og einnið annað rit- og myndverk hennar undir heitinu eins og í sögu.

Vaxmyndasafnið eitt það eftirminnilegasta

Stjórnandi ritþingsins var Sigríður Gunnarsdóttir og með henni spurðu og spölluðu Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Margrét Tryggvadóttir. Þá fluttu synir Sigrúnar þeir Grímur og Kristján Eldjárn Hjörleifssynir tónlistaratriði. Sigrún var fyrst spurð hvort sú staðreynd að hún væri alin upp í Þjóðminjasafninu hefði haft áhrif á hana en faðir hennar Kristján Eldjárn var þjóðminjavörður áður en hann var kjörinn forseti Íslands árið 1968. Hún kvað það mögulegt að nálægðin við hina gömlu gripi hafi haft áhrif á sig án þess þó að uppvaxtarár sín í safninu þar sem fjölskyldan bjó einnig sé endilega lykillinn að lífsstarfi hennar. Eftirtektarvert er engu að síður hversu margar af persónum hennar eru með skothúfur og klæddar í þjóðbúninga. Leiða má því líkum að þar komi fram áhrif frá uppvaxtarárum hennar í Þjóðminjasafninu í nálægð við hinn fyrri tíma og það sem skilgreint er til þjóðmenningar. Segja má að uppvaxtarár Sigrúnar séu óvenjuleg að því leyti eins og hún komst að orði þá hafi hún alltaf átt svo einkennileg heimilisföng, fyrst Þjóðminjasafnið og síðan Bessa- staði eins og kom fram á gömlu nafnskríteini sem varpað var á vegg ásamt myndum úr lífi hennar



Myndin er úr sýningunni Heimur Málfríðar sem nú stendur yfir í Gerðubergi í tilefni af ritþingi Sigrúnar Eldjárn.

ar í tilefni ritþingsins. Hún sagði að vaxmyndasafn Þjóðminjasafnsins væri eitt af því eftirminnilegra frá uppvaxtarárunum. Hún hefði oft farið þar um og virt figúrurnar fyrir sér. Erlendu fyrimyndirnar hefðu höfðað meira til sín enda flestar í skrautlegum búningum og mun myndrænni en þær íslensku sem yfirleitt voru í jakkafötum.

Les- og myndmál í einni heild

Sigrún sagði á ritþinginu að hún hafi snemma byrjað að lesa og alltaf verið mikill lestrarhestur þótt myndlistin hafi einnig fangað sig. Þessi skipting á milli rithöfundar og myndlistarmanns kemur mjög vel fram í mörgum bóka hennar þar sem myndirnar eru ekki síðri þáttur í sköpun heildarverksins en textinn. Með myndunum segir hún sögur jafnframt þeirri sagnagerð sem hún færir í letur og spanna allan skalann. Þannig mynda lesmál og myndmál oft eina heild og stundum verða myndirnar að lykilatriðum í verkum hennar og textinn í auka- hlutverkinu. Sigrún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín í gegnum tíðina - nú síðast Sögusteinninn, barnabóka-

verðlaun IBBY og Glitnis fyrir allt höfundarverk sitt. Í tilefni af ritþinginu hefur verið sett upp vegleg sýning í Gerðubergi. Sýningin ber heitið "Úr söguheimi Sigrúnar" og er byggð upp af heimili Málfríðar sem er ein af þekktustu sögupersónum Sigrúnar Eldjárn. Sýningin er byggð upp sem heimili Málfríðar eins og því er lýst í bókum Sigrúnar um ævintýri Málfríðar og Kuggs. Gerð hefur verið eftirlíking af bíl mömmu Málfríðar og honum komið fyrir framan við heimilið en síðan er heimilið byggt upp af ýmsum leikmunum auk þess sem ævintýri er sviðsett í bakgarði heimilisins. Sýningin er einkum ætluð börnum en er einnig fyrir fullorðna á öllum aldri. Sýningarstjórar eru Anik Todd og Una Stígsdóttir og hefur tekist að myndgera þann hugarheim skáld- og myndlistarkonunnar sem hún hefur eftirlátið helstu sögupersónu sinni með mjög trúverðugum hætti. Þar er ekki byggt á teikningum listakonunnar eins og þær birtast í bókum hennar heldur er um stóra innsetningu að ræða þar sem sjálft umhverfi verkanna er sett á svið. Þetta er sýning sem foreldrar ættu ekki að láta fara framhjá börnum sínum og hafa gaman af henni í leiðinni.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Acryllitir, olíulitir, vatnslitir og trönur.

Gjafir sem gleðja skapandi fólk á öllum aldri.

LITIR OG FÖNDUR

Skólavörðustíg 12 og Smiðjuvegi 4, Kópavogi
Símar: 552 1412 og 552 1412



Orkuveita
Reykjavíkur

Hlýjar og bjartar hátíðarkveðjur



Séð til sólarlags í gegnum hjalla. Litir ljós og skuggar njóta sýn mjög vel í þessari mynd.

Landslag og dagsbirta í myndum Þorgríms

Ef ég væri ekki að mála þá væri ég dauður, segir Þorgrímur Kristmundsson, myndlistarmaður og rennismiður. Frá því að hann hætti störfum sem rennismiður hefur hann stundað myndlistina af kappi. Hann er einn þeirra sem fundið hefur sér farveg og starfsvettvang í ákveðnu viðfangsefni þegar hinu eiginlega brauðstriti er lokið.

Landslagið er í forgrunni í myndum Þorgríms. Þangað sækir hann efnivið sem hann síðan vinnur úr með ýmsu móti. Í sumum verkanna fylgir hann fyrirmyndum af nokkurri nákvæmni en hann hefur einnig lag á að þróa nokkuð við myndefni þegar honum finnst það henta. Til þess beitir hann einkum notkun lita sem hann ræð-

ur vel við. Styrkir tiltekna hluti á kostnað annar og dregur þannig fram ólíka þætti og áherslur í myndum sínum. Hann er nokkuð næmur á ljós og skugga sem hann tefir saman sem andstæðum og kemur það einkum fram í myndum sem hann lætur eiga sér upptök í skiptum dags og nætur. Hann sækir sér innblástur í náttúrunni og túlkar hana eins og hún

kemur honum fyrir sjónir. Hann heldur augljóslega upp á þingvelli þangað sem hann sækir sér fjölbreytileika náttúrunnar til þess að endurspegla en einnig að skálda nokkuð inn í eins og hugmyndaríkum málara hentar. Þorgrímur málur á svölum íbúða sinnar og nýtur dagsbirtunnar á þann hátt allt frá sólarupprisu til sólarlags sem endurspeglar í verkum hans.

Falleg hundarúm í miklu úrvali.

Dýrabær
Smáralind og Hlíðasmára 9,
www.dyrabaer.is

borgarblod.is

JACQUES LEMANS

Franch Michelsen
ÚRSMIDAMEISTARI

Quiznos SUB
fjölskyldu-
matsölustaður
Nýbýlavegi 32
Rennibraut
og
Bottaland

MYNDARAMMAR Í
MIKLU ÚRVALI
Skerum korton eftir máli!

ERTU BÚIN AÐ SENDA
JÓLAKORTIN
láttu okkur gera kortin fyrir þig
10-39 stk. 135 kr. stk
40 stk eða fleiri 119 kr. stk

myndval Þönglabakka 4 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is
www.myndval.is

Breiðholtsblaðið leit við í Mjóddina og tók nokkra verslunareigendur tali í tilefni jólaverslunarinnar



Bjart er yfir hinni nýju verslun Fröken Júlíu.

Fröken Júlía í rúmgóðu og björtu húsnæði

Tiskuverslunin Fröken Júlía flutti á liðnu sumri úr húsnæði heilsugæslunnar við Álfabakka í annað húsnæði við göngugötuna í Mjóddinni. Er það húsnæðið það sem ÁTVR var áður og síðar var þekkt af fréttum þegar ætlunin var að opna þar spílasal. Eftir að hugmyndir um spílasalinn höfðu verið teknar út af borðinu og Reykjavíkurborg fest kaup á húsnæðinu var ákveðið að Fröken Júlía færi þangað en heilsugæslan þurfti á því húsnæði að halda þar sem verslunin var áður. Verslunin fer mjög vel í þessu húsnæði sem er bæði rúmgott og bjart.

Fröken Júlía er löngu þekkt fyrir vandaðan tiskufatnað á allar kynslóðir en Ingibjörg Guðlaugsdóttir í Fröken Júlíu hefur allt tíð lagt áherslu á að bjóða vörur fyrir breiðan hóp viðskiptavina - kvenna á öllum aldri og í sem flestum stærðum. Hún segir flestar konur stelpur í sér inn við beinið hvað sem aldur og útlit varðar og gaman að fylgjast með þegar kynslóðirnar koma saman til þess að versla. Jafnvel ömmurnar með barnabörn sín til þess að láta ungu dömurnar hjálpa sér að velja. “Ég hef alltaf lagt mikið upp úr þessu þótt það kosti að vera með breiðari vörulínu í búðinni,” segir Ingibjörg. Ánægjan sé að geta haft eitthvað fyrir sem flesta.

Keypti Möggurnar



Anna Rósa Ingólfssdóttir og Guðbjörg Guðjónsdóttir hafa fest kaup á Hárgreiðslustofunni Möggurnar í Mjódd. Þær eru báðar kunnugar staðnum og ekki síður viðskiptavinum stofunnar því Anna Rósa hefur starfað þar á annan áratug og Guðbjörg lærði þar og hefur síðan starfað á stofunni í nokkur ár. “Þegar stofan var til sölu á liðnu hausti ákváðum við að slá til og kaupa. Við höfum báðar verið hér lengi og þekkjum vel til

umhverfisins og viðskiptavina,” sagði Guðbjörg í stuttu spjalli við Breiðholtsblaðið á dögunum. Hún segir viðtökurnar hafa verið mjög góðar og ágætlegt að bæði sé um gömlu góðu kúnnana að ræða og einnig nýja viðskiptavini. Möggurnar eða réttara sagt þær Anna Rósa og Guðbjörg leggja áherslu á alla almenna hárbjónustu fyrir Breiðholtsbúa og aðra því margt af fólki leggur leið sína um Mjóddina.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Stofuklukkurnar alltaf vinsælar

Axel Eiríksson, úrsmíðameistari hefur rekið Gull - Úrið við Álfabakka 16 í Mjóddinni um 15 ára skeið. Verslun og úrabjónusta Axels er nú eina fyrirtækið sem er starfandi í húsi Heilsugæslunnar sem löngum var kennt við VISA. “Ég er búinn að vera hér í þennan tíma og kann ákaflega vel við mig,” sagði Axel á meðan hann sinnti viðskiptavinum sem kom með óþétt úr til hans til lagfæringar. Ég sinni jafnt hefðbundinni þjónustu af þessu tagi sem og verslun,” sagði Axel á meðan ánægður viðskiptavinur hélt á braut með virðulega klukku.

Axel segir ýmsar breytingar hafa orðið í verslun með úr og klukkur á þeim tíma sem hann hefur starfað í Mjóddinni. Tölvuvæðingin hafi ekki látið úrin ósnortin fremur en annað en hefðbundin úr og klukkur séu engu að síður alltaf vinsæl. “Hingað kemur fjöldi fólks sem er að leita að hefðbundnum hlutum, úrum og klukkum og ég hef reyndar sérhæft mig nokkuð í stofuklukkum og klukkum sem við getum sagt að séu í gömlum stíl.



Axel Eiríksson úrsmíðameistari ásamt samstarfskonum í Gull Úrinu.

Fólki finnst vænt um klukkusláttinn og margar klukkur eru hrein híbýlaprýði. Mér finnst eftirspurnin eftir þessum hefðbundnu klukkum hafa aukist fremur en hitt, þótt stofuklukkurnar séu alltaf vinsælar og verslunin er líka orðin

þekkt fyrir að annast verslun og þjónustu með slíka gripi. Nú fyrir jólin verðum við með gott úrval af úrum og einnig klukkum og þá ekki síst þessa sígildu gripi sem fólk er alltaf að huga að,” segir Axel Eiríksson.

Myndval í nýju og rúmgóðu húsnæði

Verslunin Myndval í Mjóddinni flutti í nýtt húsnæði við Þönglabakka 4 þann 26. nóvember sl. Myndval er beint á móti norðurinnangi í hinum yfirbyggða hluta Mjóddarinnar, en Kaffi Strætó var þar áður til húsa. “Með flutningnum fengum við um helmingi stærra húsnæði til umráða og erum þegar farin að nýta okkur það í fjölbreyttara vöruvali,” segir Egill Ingi Jónsson í Myndvali í samtali við Breiðholtsblaðið.

Fyrir síðustu jól hóf Myndaval útgáfu á persónulegum dagatölum fyrir fólk. “Þau eru þannig gerð að fólk getur valið sér einhverjar 12 myndir, annað hvort úr fjölskyldu-albuminu eða aðrar myndir sem það langar til að hafa á dagatalinu sínu næsta árið, komið með þær. Við setjum síðan myndirnar inn á dagatal sem við prentum fyrir hvern og einn. Þetta tekur aðeins um tvö daga og er á mjög viðráðanlegu verði. Við renndum svolítið blint í sjóinn með þetta í fyrra en þessi nýjung mæltist mjög vel fyrir og því ekki annað að gera en að halda henni áfram.” Hann segir fólk þegar farið að huga að þessu og koma með myndir til þess að láta gera dagatöl og því finnist þetta vera skemmtilega nýjung í jóla- og áramótaundirbúningnum. Myndval hefur einnig unnið persónuleg jóla-kort fyrir fólk á undanförnum árum. “Það er alveg eins og með dagatölin. Fólk tekur myndir með sér sem við setjum á jóla-kort og fólkið velur síðan textann á kortið sem það get-



Egill Ingi Jónsson í Myndvali. Að baki honum má sjá veglegt úrval af ýmiskonar myndarömmum.

ur haft með mismunandi móti - allt eftir smekk hvers og eins.” Myndval í Mjódd hefur lengi verið þekkt fyrir mikið úrval af römmum. “Við höfum verið að auka við úrvalið okkar í römmum að undanförunu og með hinu nýja húsnæði hafa skapast góðir möguleikar til þess að bjóða mjög gott úrval sem við erum nú að nýta okkur. Við höfum lagt mikla áherslu í gegnum árin á að bjóða viðskiptavinum okkar mikið úrval af stöðluðum myndarömmum af sem flestum stærðum.” Ýmsa aðra þjónustu er að hafa í Myndvali. Ein er sú að gefa fólki kost á að koma með myndir og raða þeim

saman eftir vild og síðan eru þær prentaðar út eins og hver og einn óskar Fyrir um ári fjárfesti Myndval í tæki til að gefa fólki kost á að raða myndunum saman og þannig að hver og einn getur unnið verkið sjálft á einfaldan hátt. “Það er eiginlega sama á hvað formi fólk kemur með myndir en margir eru með þær á stafrænu formi, t.d. á geisladiski eða á USB minniskubbi. Ef fólk kemur með eldri myndir þarf að skanna þær. Svo erum við með alla hefðbundna ljósmyndavörubjónustu,” segir Egill Ingi að lokum.

Efnalaugin Björg Í forystu í áratugi

Fyrir um einu og hálfu ári var vélakostur Efnalaugarinnar Bjargar í Mjóddinni endurnýjaður og svonefndar Hydro carbon hreinsunarvélar teknar í notkun. Þessi tækni auðveldar mjög hreinsun á öllum viðkvæmum fatnaði úr silki og öðrum viðkvæmum efnum. Astæða er til að minna á þetta nú í aðdraganda jólanna þegar fólk tekur betri fötin fram og lætur þá gjarnan hreinsa þau eftir að hafa e.t.v. verið inni í skáp um einhvern tíma.

Hydro carbon aðferðin er í raun bylting í hreinsunartækni. Þessar vélar ráða við mun fjölbreyttari viðfangsefni en eldri tækni eins og dæmið um viðkvæman fatnað sýnir en eru einnig mun umhverfisvænni en eldri aðferðir. Hydro carbon hreinsunin er þannig eitt skref í viðbót við fjölbreytta þjónustu Bjargar í gegnum árin en fyrirtækið hefur alla tíð lagt mikla áherslu á sérhæfingu í meðferð á viðkvæmum fatnaði auk þess að hafa lengi verið þekkt fyrir vand-

aða hreinsun á rúskinnsvörum. Sigurður Jónsson í Björgu hefur verið ótrauður að kynna sér nýjungar á sínu sviði og flytja þær hingað heim sem síðan hefur skilað sér í vandaðri þjónustu sem Efnalaugin Björg veitir. Efnalaugin Björg hefur verið starfrækt í Mjóddinni í yfir tvo áratugi og er eitt af fyrstu fyrirtækjunum sem fluttu starfsemi sína þangað en hún hefur verið í eigu sömu fjölskyldu allt frá árinu 1953 og nú er þriðji ættliður fjölskyldunnar kominn þar til starfa.



Komdu í þægilegt og gott umhverfi og njóttu þess sem Mjóddin hefur upp á að bjóða

- Handverksmarkaður, jólaland fyrir krakkana
persónuleg og góð þjónusta -

Afgreiðslutími **fram að jólum**

Laugardagur 15. des.

Kl. 11:00-18:00

Sunnudagur 16. des.

Kl. 13:00-17:00

Mánudagur 17. des.

Kl. 10:00-19:00

Þriðjudagur 18. des. - föstudags 21. des.

Kl. 10:00-22:00

Laugardagur 22. des.

Kl. 11:00-22:00

Sunnudagur 23. des.

Kl. 11:00-23:00

Mánudagur 24. des.

Kl. 10:00-13:00





Fjölbautaskólinn
í Breiðholti

Útskrift

verður í Fella- og Hólakirkju
fimmtudaginn 20. desember kl. 14:00.
Allir nemendur dag- og kvöldskóla, er lokið
hafa eftirtöldum prófum, eiga að koma og
taka á móti prófskríteinum:

Handíðabraut
Sjúkraliðanámi
Snyrtifræðinganámi
Burtfararprófi af húsasmíðabraut
Burtfararprófi af rafvirkjabraut
Stúdentsprófi

Skólameistari

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbref 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

www.fb.is



Ólöf Ásta með kartöflubirgðir úr Þykkvabænum. Guðbjörg Jóna Magnúsdóttir er með henni á myndinni.

Hobbíið er orðið að vinnu

“Það má segja að hobbíið hjá mér sé orðið að vinnu,” segir Ólöf Ásta Karlsdóttir sem að undanfögnu hefur verið með kartöflusölubás í Mjóddinni. “Ég er hér á fimmtudögum og föstudögum með úrvals kartöflur frá Suður Nýjabæ í Þykkvabæ.”

Ólöf Ásta bjó um tíma í Þykkvabænum og ræktaði þá sjálf kartöflur en eftir að hún hætti búskap og flutti til höfuðborgarinnar fór hún að selja kartöflurnar í sölubásnum í Mjóddinni. “Ég kaupi kartöflurnar af bóndanum í Suður Nýjabæ og þetta átti að vera svona hobbí í fyrstu en verslunin hefur aukist þannig að þetta er að verða hálfgert starf,” segir Ólöf Ásta. Í næsta sölubás í Mjóddinni er Guðbjörg Jóna Magnúsdóttir, kaupkona og myndlistarmaður þar sem hún selur töskur og fleiri muni. Þær Ólöf Ásta og Guðbjörg Jóna segja nóg að gera og marga eiga leið um en markaðstorgið í göngugötunni í Mjóddinni sem er eini götumarkaðurinn sem starfræktur er að staðaldrí í Reykjavík.



Guðbjörg Jóna sýnir ungu pari hvað hún er með á boðstólum í sölubásnum.

**Hér
er ég!**



Mjódd



Smiðjuvegi



Nóatúni 17



Apótekarinn
-lyf á lægra verði!

Hljóðfæraverslun Pálmars Árna

Erum með tilboðsverð
á píanóum í tilefni af
opnun nýrrar verslunar,
mikið úrval. **Jólatilboð**



Hljóðfæraverslun
Pálmars Árna ehf.



Rángárseli 6. gengt Seljakirkju Breiðholti

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Sólveig Ingvarsdóttir, kennari í Fellaskóla er lesandi Breiðholtsblaðsins að þessu sinni.

Bækur hafa alltaf verið stór hluti af mínu lífi og ég er yfirleitt með einhverja bók í takinu á hverjum degi árið um kring. Fátt er notalegra en að hringa sig í þægilegum stól og lesa góða bók. Bók sem fangar athygli manns og vekur áhuga og umhugsun. Þetta á ekki hvað síst við í skammdeginu. Stundum dreg ég gamla bók fram úr bókaskápnunum sem tímabært er að endurnýja kynnin við, stundum fer ég á bókasafnið til aðdráttu eða fæ bækur að láni. Fyrir jólin er einnig bókaútgáfa í hámarki og mikið fjallað um bækur í öllum fjölmiðlum. Mér sýnist margar góðar bækur vera á boðstólum og hygg gott til glóðarinnar nú þegar jólin nálgast.

Þegar ég rifja upp í huganum hvaða bækur ég hef lesið undanfarið kemur í ljós að þær eru af ýmsu tagi þótt skáldsögur skipi þar sennilega æðstan sess. Sú sem ég er að lesa núna og get varla slitið mig frá til að skrifa þessar línur er ein af jólabókunum, Þúsund bjartar sólar eftir Khaled Hosseini. Í fyrra las ég Flugdrekaflauparann eftir sama höfund en báðar þessar bækur eiga það sammerkt að fjalla um líf fólks í stríðshrjáðu landi, um ótrúlega grimmd og hörmungar sem bitna á saklausum borgurum, ekki síst börnum, en um leið um kærlleika og mannlega reisn. Þótt þær gerist í allt öðrum menningarheimi en við þekkjum best er eins og maður sé staddur á staðnum og skynji andrúmsloftið og fylgi fólkinu í aðstæðum þess.

Aðra skáldsögu langar mig að nefna en það er Karítas án titils eftir Kristínu Marju Baldursdóttur, falleg og vel skrifuð bók sem unun var að lesa. Nú er komin út ný bók eftir Kristínu, Óreiða á striga, sem er sjálfstætt framhald af Karítas og hlakka ég til að lesa hana.

Fyrir skömmu las ég bók sem kom út fyrr á þessu ári, Að vera eða sýnast eftir Hörð Bergmann. Þetta er lítil bók en innihaldsrík og einkar áhugaverð. Hún fjallar um nútímasamfélagið, öra þróun þess og þenslu á flestum sviðum



Sólveig Ingvarsdóttir.

og áhrif fjölmiðla, ekki síst auglýsinga, á ríkjandi viðhorf og skoðanir. Höfundur hvetur til gagnrýnnar hugsunar og að menn athugi bakhlíð framfaranna og ýmsar hliðarverkanir þeirra. Holl lesning.

Þegar ég var nýbúin að leggja frá mér bók Harðar Bergmann og var enn með ógnir og hraða nútímans á heilanum barst mér í hendur nýútkomin bók sem flutti mig aftur til þess tíma þegar ég var að alast upp og það var ljúf upplifun, einskonar nostalgia. Þetta var bók Böðvars Guðmundssonar, Sögur úr Síðunni. Þar segir frá íslensku sveitafólki um miðja síðustu öld, búskaparbasli þess og bjástri en einnig samheldni og hjálpssemi þegar á þurfti að halda. Ég gaf mér góðan tíma til að lesa þessa bók, eins og ég vildi treina mér hana sem lengst. Hún vakti upp minningar frá því að ég var í sveitinni í gamla daga, fyrir tíma rafmagns og fleiri nútímapæginda. Það er í raun ótrúlegt hve margt hefur breyst á ekki lengri tíma.

Á náttborðinu mínu er að jafnaði mishár stafli af bókum. Tvær bækur hafa verið þar frá því um síðustu jól en ég gríp til þeirra öðru hvoru. Önnur heitir Gæfuspör og er eftir Gunnar Hersvein. Hún fjallar um gildin í lífinu og er einskonar vegvísir að því markmiði að verða betri maður. Þessi bók er látlaus og hvergi upphafin en full af visku sem gott er að hugleiða. Hin bókin er ljóðabók Hannesar Péturssonar, Fyrir kvölddyrum. Hannes er mitt eftirlætisskáld að mörgum öðrum ólöstuðum og ég leita oft í ljóðasafnið hans.

Að lokum vil ég nefna bók sem á fastan sess á náttborðinu hjá mér en hún heitir Ljóð dagsins. Þar hefur Sigurbjörn Einarsson biskup valið ljóð fyrir hvern dag ársins ásamt ritningarversum. Ljóðin eru fjölbreytt, hafa gjarnan trúarlega skírskotun en ekki alltaf, þau koma frá nærri hundrað höfundum frá öllum tímum, allt frá Hávamálum til nútímaskálda. Þau tengjast líka að miklu leyti árstíðunum þannig að þau vekja and-

blæ vors, sumars, hausts eða vetrar eftir því hvar við erum stödd í bókinni.

Nú er aðventan hafin og hátíð ljóssins á næsta leiti. Þess vegna langar mig að ljúka þessum pistli á einu af desemberljóðunum í síðastnefndri bók en það er einmitt eftir Hannes Pétursson:

Ljós og hljómar

Jólanótt - og ég kveikti á kerti rétt eins og forðum litlu kerti.
Það logar á borði mínu unír þar sínu lífi slær ljóma á þögnina.

Og bið þess að ég finni sem forðum að glaðir hljómar séu lagðir af stað út úr lágum turnunum að ég heyri þá svífa yfir hvítt landið og stefna hærra, hærra!
eins og hyggist þeir setjast á sjálfar stjörnurnar svo ljós og hljómar geti hafið í einingu saman af hinnum gegnum loftin sína heilögu ferð.

www.myndlistaskolinn.is

NÁMSKEIÐ
vorönn 2008

sími 551 1990

MYNDUSTASKÓLINN
REYKJAVÍK


NETSAGA.IS



Nú er Gunna á nýju skónum

Síðustu öruggu skiladagar fyrir jólakort og jólapakka í desember: nú eru að koma jól ...

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4 Jólapakkar utan Evrópu	5	6	7 Jólakort utan Evrópu	8
9	10	11	12 Jólapakkar til Evrópu	13	14 Jólakort til Evrópu	15
16	17	18 TNT utan Evrópu	19 TNT til Evrópu Jólapakkar innanlands	20 Jólakort innanlands	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					



Kaupi hljómplötur
(LP) rokk, jazz og íslenskt.
Annað kemur til greina.
Ingvar sími: 699 3014 & 534 9648.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Saumaverkstæði

Ingu Fataviðgerðir og breytingar

Amarbakká 2 • Sími 577 1570

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Arnór Geir Jónsson, deildarstjóri barnasviðs í félagsmiðstöðinni Miðbergi ólst upp í Mariúbakkanum í Breiðholti og átti síðan heima í Fellahverfinu um skeið. Hann er því Breiðhyltingur í húð og hár þótt hann búi niðri í Laugarnesi sem stendur. Hann segist hafa komið um bakdyrnar inn í Breiðholtið á ný þegar hann fór að starfa í Miðbergi. Breiðholtið sé vettvangur sinn enn í dag. Arnór Geir rifjar upp æskuna í Breiðholtinu að þessu sinni.

Er með lygaör á löppinni

Ég bjó á Mariúbakkanum fyrstu 16 ár ævi minnar. Ég byrjaði í leikskóla á Arnarborg og fór svo í Breiðholtsskólann og var þar mína hunds og kattartíð sem barn. Ég var á unga aldri þegar verið var að byggja Mjóddina og það var forboðna leiksvæðið okkar. Það voru skýr skilaboð frá foreldrum og öðrum yfirvöldum að við mættum ekki vera að þvælast þangað niður eftir. En bannið gerði svæði bara enn eftirsóknarverðara og meira spennandi. Einhverju sinni fór ég þangað niður eftir sem oftár og var að príla í byggingunni þar sem Glitnir er núna. Ég var að klöngrast yfir einhverjar spýtur og datt þannig að ég fékk steypustyrktarjárn beint inn í aðra löppina á mér. Ég emjaði af sársauka og haltraði síðan alla leiðin heim í Mariúbakkann. Á leiðinni var ég að spá í hvernig ég ætti að útskýra þetta fyrir mömmu og pabba og koma mér út úr þessum vandræðum. Þegar ég var að labba inn á Mariúbakkann fékk ég hugmynd. Það voru einhverja framkvæmdir í gangi við götuna og jarðrask þannig að ég ákvað að segja að ég hefði verið úti á túni og dottið og fengið stein í löppina. Ég sagði þessa sögu síðan og hélt mig við hana. Ég datt og fékk stein í löppina. Ég hringdi í pabba og hann fór með mig á Slysó. Lækninum fannst þetta allt mjög undarlegt og hvernig ryð gæti verið í stungusári. Ég sagði að það hefði komið út úr einhverju grjóti sem var í moldarhaugnum við Mariúbakkann en þeir vildu ekki trúa þessu - læknirinn og pabbi trúðu heldur ekki að átta eða níu ára gutti færi að ljúga alveg blákalt, hvað hann hefði verið að gera. Þannig að þetta var tekið trúanlegt á endanum. Læknirinn saumaði 14 spor í löppina á mér og ég fékk svo voðalega flott ör. Síðan leið og beið. Sárin gréru og við vorum ekkert að hugsa um þetta meira þar til um þremur árum seinna. Þá var mamma úti í búð þar sem hún frétti í gegnum mömmu vinar míns, sem hafði verið með mér niðri í Mjódd að príla, að ég hefði nú dottið þar á steypustyrktarjárn og þannig fengið sárið á löppina. Ég var náttúrllega "konfronteraður" með þessu og hafði ekki í mér að halda lygasöggunni mikið lengur á lofti. Ég sagði því sannleikann og síðan hef ég verið með lygaör á löppinni.

Bakkarnir voru ákveðinn heimur

Bakkarnir voru frábær staður til þess að vera krakki og að alast upp. Umhverfið var verndað að því leyti að bakkarnir voru ákveðin heimur. Minn bakki Mariúbakkinn var síðan minn heimur inni í bökkunum. Maður gat verið þarna inni í u-inu og leikið sér allan liðlangan daginn. Þarna voru ýmis leiktæki. Rólur og sandkassi og grasblettir þar sem hægt var að vera í leikjum. Utan við u-ið voru stærri grasfletir þar sem við gátum verið í fótbolta þannig að maður þurfti ekki að



Hlutverkaleikir í Bökkunum. Gústi frændi, Reynir, Gunni, Arnór Geir með hettuna og ónefnd stúlka.

leita mjög langt eftir stöðum til þess að geta leikið sér. Liðskiptin skiptu líka máli. Minnsta liðseiningin var stigagangurinn. Næsta eining fyrir ofan var bakkinn. Og ef maður fór skrefið til fulls þá var það skólinn í heild sinni. Stærsta hugtakið í þessari félagsskiptingu var síðan allt Breiðholtið sem heild. Þannig hugsuðum við og stækkuðum félagskjarnann stig af stigi eftir því við hverja var verið að keppa.

Einvallið lið

Maður var mikið í fótbolta sem krakki en ég var aldrei mikill fótboltamaður þótt pabbi hafi verið fótboltamaður og þjálfað fótbolta í mörg ár. Ég fann mig aldrei sérstaklega knúinn til þess að sparka í boltann. Ég spilaði handbolta með ÍR. Þar var mikið af góðum köppum innanborðs. Sverrir Þór Sverrisson

eða Sveppi og Óli Spæl sem er þekktari undir nafninu staf-rænn Hákon í dag og starfar sem tónlistarmaður. Ragnar Óskars-son sem nú er atvinnumaður í handbolta og er að spila í Frakklandi og Ásgeir Sandholt, mikill bakameistari í dag og orðinn Norðurlandameistari í konditori, þetta var einvalið lið sem ég var að spila með. Þetta var góður og skemmtilegur félagsskapur en minna fór fyrir hæfileikum og árangri í keppni. En það var heldur ekkert aðalatriði.

Bara krakkar eins og við

Þar var engin félagsmiðstöð í Breiðholtsskóla. Fellahellir var eina félagsmiðstöðin í Breiðholtinu á þessum tíma. Fyrir okkur í Bökkunum hefði Fellahellir getað verið á annarri plánetu. Við fórum ekkert yfir Villingaholtið sem skilur neðra og efra Breiðholtið

að. Þetta var einskismannsland og hver sem er hætti sér ekki þarna yfir. Ég man eftir því einu sinni að nokkuð stór hópur úr Breiðholtsskóla hætti sér upp í Fellahelli. Ég man hvað ég var hissa þegar ég kom upp eftir að uppgötva að þetta voru bara krakkar eins og við. Ég hafði búist við að sjá einhverja blóðuga pönkara og eitthvert hyski þarna efra. En þetta voru bara venjulegir krakkar. Ég held að Bakkarnir hafi alltaf verið nokkuð sér á parti og Villingaholtið skildi hverfið að í tvo heima, Efra og Neðra. Þótt Villingaholtið væri einskismanns land þá var það líka svolítill leikstaður fyrir okkur í neðra. Það kom fyrir að við fórum þangað og lékum okkur í bófaleikjum, svona minn og þinn leikjum. Þetta eru kalladir hlutverkaleikir í dag. Þetta umhverfi þarna í óbyggðinni á milli hverfishlutanna var góður



Arnór Geir Jónsson. staður fyrir svoleiðis leiki.

Ákveðin stéttaskipting

Breiðholtið hefur breyst en þó ekki eins mikið og ég hélt. Eftir að ég byrjaði að starfa hér þá hef ég farið nokkrum sinnum niður í gamla hverfið mitt. Og það er ótrúlegt hvað margt er alveg eins og þegar ég var að alast upp. Breytingin snýst aðallega um að uppbyggingin er búin og hverfin komin á næsta stig í þróuninni sem er að umhverfið er farið að gróa. Ég veit ekki hvort það hefur eitthvað að segja að á þessum tíma voru svokallaðar félagslegar íbúðir við ákveðna Bakka. En eftir á að hyggja þá sér maður í dag að það var ákveðin stéttaskipting innan Breiðholtsins. Maður gerði sér ekki grein fyrir því á þessum tíma. Sumir krakkar voru kannski ekki jafn vel til hafðir og aðrir eða með jafn flottar skólatöskur. Maður tók eftir þessu þótt maður væri krakki en var ekkert að hugsa meira um það né af hverju það væri.

Kom bakdyraleiðina til baka

Svo kom ég hingað aftur. Ég bjó 16 ár í Bökkunum og foreldrar mínir fluttu síðan í Fellahverfið þegar ég var í 10. bekk. Þetta var hentugur tími fyrir mig til þess að flytja vegna þess að ég varð hvort sem var að skipta um skóla. Ég var búinn með grunn-skólann og þurfti hvort sem var að ferðast til þess að komast í skólann. Þar bjó ég ein 10 ár í viðbót og kom svo bakdyraleið til baka inn í Breiðholtið. Það byrjaði þannig að mig vantaði vinnu með skóla og fékk þá vinni á frístundaheimilinu í Ólduselsskóla og líkaði svona vel að ég hélt áfram. Síðan tók ég við frístundaheimilinu þar í fullu starfi þar sem ég var í tvö ár. Síðan fékk ég stöðu hér í Miðbergi og orðinn möppudýr í Miðbergi sem er orðin mín aðalbækistöð. Ég bý reyndar niður á Rauðalæk í dag þar sem kann mjög vel við mig. Ég kem þó nánast daglega hingað upp eftir vegna starfs míns auk þess sem ég er að þjálfa krakka og unglinga hjá ÍR þannig að tengslin við Breiðholtið eru engu minni en á meðan ég bjó þar.



Arnór Geir og Viðar Valsson heima í sófa.

Íbúasamtökin höfðu ekki kæruehimild

Íbúasamtökin Berta Breiðholt höfðu ekki kæruehimild vegna ákvörðunar bygginga- fulltrúans í Reykjavík að veita leyfi fyrir starfsemi spilasals í Mjóddinni í Breiðholti. Þetta kemur fram í úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála frá 29. nóvember sl. Ekki sé til að dreifa heimild í lögum er veiti félagasamtökum eins og hér um ræðir sjálfstæða kæruehimild á þessu sviði. Á þeim forsendum var kærusamtakanna vísað frá.

Í kærui búsamtakanna var vísað til þess að á umræddu svæði í Mjóddinni fari fram blómleg verslun er sé íbúum til mikillar ánægju. Þar hafi verið haldnar sýningar frá leikskólum og skóum hverfisins ásamt fjölskylduhátíðum. Ekki yrði unnt að halda þeirri starfsemi áfram eftir að opnaður yrði spilasalur sem opinn yrði öllum og hvetti fólk til þess að fara inn og jafnvel fóna eigum sínum. Í

kærunni segir einnig að ekkert samráð hafi verið haft við íbúa vegna málsins en eins og kunnugt sé hafi fjöldi þeirra ritað undir mótmælaskjöl af þessu til efni. Í úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála kemur fram að vegna umræddrar óánægju hafi verið fallið frá áformum um byggingu og rekstur spilasalarins og borgaryfirvöld keypt umrætt húsnæði.



FRÍTT VERÐMAT!

6591159 6599606

TOPP ÞJÓNUSTA


www.remaxeignir.com



Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298



Fæst í bókaverslunum um land allt

Þá voru komnir átján ábyrgðarmenn á víxlinn eða allur framboðslisti sjálfstæðismanna í réttari röð frá Matthíasi sjálfum og niður í heiðursrættið. Bjarni keypti víxlinn og ekki er annað vítað en bankinn hafi í fyllingu tímans fengið peningana sína til baka með skilum.

Verð: 1,900,-kr.



Vestfirská forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is



Sveinsbakari

ARNARBAKKA 4-6 • SÍMI: 557 2600

Sparaðu þér tíma fyrir jólin.

Við erum með úrval af smákökum, hálfmána, lagtertur, enskar jólakökur sælkerabotna, döðlubotna, svampbotna, marens, sérlagaðar tartalettur steikt laufabrauð o.fl.

Opnum kl. 7 alla virka daga og kl. 8 um helgar

Verið velkomin

Veljum íslenkst

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

*Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.*



GULLSMÍÐURINN Í MJÓDD



Spenna...friður...fræðsla...fyndni...drama...

Á bókasafninu er allt þetta og miklu meira

Bækur, tímarit og dagblöð

Kvikmyndir og fræðsluefni á myndformi

Nettengdar tölvur fyrir lánþega

Gleðileg jól

Bókasafnið er opið til kl. 21.00 á miðvikudagskvöldum

Opið í vetur:

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 10 - 19

Miðvikudaga 10 - 21,

Föstudaga 11 - 19

Laugardaga og sunnudaga 13 - 16



Borgarbókasafn - Gerðubergssafn, Gerðubergi 3-5, s 557 9122



www.borgarbokasafn.is

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur
skrifar:
**Sterk sjálfsmynd besta
forvörnin gegn ytri vá**

Samskipti barnsins við fjöl- skylduna og nánasta umhverfi er einn veigamesti áhrifabáttur á þróun sjálfsmats einstaklingsins. Persónuleikabættir barnsins eiga jafnframt ríkan þátt í því hvernig barnið upplifir sig í umhverfinu. Til að barnið upplifi sig verðugan einstakling þarf það að finna að það skiptir máli, sé elskað án tillits til hugsana, tilfinninga og atferlis. Það kemur í hlut foreldra- umönnunaraðila að hjálpa barninu að byggja upp sterka sjálfsmynd.

Ein öflugasta forvörn gegn ytri vá sem kann að standa börnum og ungmennum til boða felst ekki hvað sist í sterkri sjálfsmynd þess, sjálfsöryggi og persónulegum metnaði. Þessa þætti öðlast barnið einna helst í samskiptum við foreldra sína. Þeir eru fyrirmyndir. Til að vera góðar fyrirmyndir þurfa foreldrar að vera samkvæmir sjálfum sér í orði og verki til lengri tíma og sýna barni sínu að



Kolbrún Baldursdóttir.

þau séu sam m á la um uppeldi- saðferðir. Mikilvægir þættir í uppeldi barna sem stuðla að sterkri sjálfsmynd, sjálfsaga og metnaði eru m.a.: Láta barnið finna að foreldrarnir eru fastur punktur í tilveru þess. Sýna barni sínu umhyggju, hlýju og ástúð bæði með því að nota orð og snertingu. Stuðla að því að barnið upplifi tilfinningar á borð við gleði, kátínu og fögnuð á heimilinu og í návist foreldrana. Það eru foreldrarnir sem ráða en þeir vilja að sjálfsögðu hlusta á óskir barnsins. Foreldrar taki afstöðu til mikilvægra mála s.s. neyslu áfengis og reykinga. Foreldrar móti stefnu er varðar vasapeninga og útivistartíma. Foreldrar séu óhræddir við að setja börnum sínum reglur en hafi þær umfram allt fáar og skýrar. Reglum þarf að fylgja eftir en mikilvægt er jafnframt að sýna viðeigandi sveigjanleika. Ef slökkva þarf á óæskilegri hegðun gagnast hvað best að nota réttindamissi. Gera kröfur í samræmi við aldur og þroska en gera ávallt kröfur um að barnið geri sitt besta. Einstaklingur sem kemur út í lífið með gott sjálfstraust, metnað og innri aga hefur lært að bera virðingu fyrir tilfinningum sínum, vilja og óskum. Hann hefur einnig lært að bera virðingu fyrir líkama sínum og er því líklegri til að vilja sneypa hjá því sem getur ógnað eða skaðað andlega eða líkamlega heilsu hans. Sjálfsstjórn og metnað notar einstaklingurinn til að ná settum markmiðum og árangri. Sérhver persónulegur ávinningur er til þess fallinn að styrkja hann enn frekar í að trúa á sjálfan sig og treysta eigin dómgreind í því sem hann tekur sér fyrir hendur.



borgarblod.is

S: 5 77 - 21 21

Xanadu óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Komdu elskunni þinni á óvart með gjafabréfi frá Xanadú sem er tilvalin jólagjöf.

Kaupping færir Helli 20 skákklukkur

Taflfélaginu Helli hafa borist að gjöf 20 skákklukkur. Er það Kaupping í Mjódd sem fært hefur félaginu þessa góðu gjöf sem nýtast mun vel, einkum í unglingastarfi félagsins. Kaupping hefur ávallt verið félaginu góður bakhjarl og má þar nefna að bankinn hefur stutt dyggilega við Hjörvar Stein Grétarsson, efnilegasta skákmann landsins, og þess fyrir utan hefur útibúið í Mjódd verið aðalstyrktaraðili alþjóðlegra móta félagsins bæði nú í ár sem og í fyrra.

Taflfélagið Hellir var stofnað árið 1991 og hefur ætíð verið staðsett í Breiðholti. Starfsemin hófst í Gerðubergi, en síðan 1997 hefur félagið verið í Mjódd, nú að Álfabakka 14a. Félagið er sterkasta skákfélag landsins og félagsmenn eru 200, og er núverandi Íslandsmeistari skákfélaga. Staðsetningin í Mjóddinni hefur reynst félaginu vel enda liggur hún vel fyrir flesta sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Félagið hefur verið sigursælt í gegnum tíðina og er nú fjórfaldur Íslandsmeistari. Staða þess er einnig sérlega sterk meðal barna og unglinga, en félagið er einnig Íslandsmeistari unglingasveita og hefur unnið þann titil fjórum sinnum á síðustu fimm árum. Í ár



Á myndinni tv. er Balvin Hrafnsson, útibústjóri Kaupþings í Mjódd að aðhenda Gunnari Björnssyni, formanni Taflfélagsins Hellis 20 skákklukkur.

vannst keppnin á 35 vinningum af 36 mögulegum og þess fyrir utan endaði b-sveit félagsin í öðru sæti. Félagið er með unglingaæfingar alla mánudaga kl. 17:15 í Álfabakkanum. Þar eru allir krakkar velkomnir en þátttaka á æfingunum er ókeypis. Hið vinsæla Jólapakka-

mót Hellis verður svo haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 22. desember og hefst kl. 13 og þar eru einnig allir velkomnir og þátttaka ókeypis.

Kvöldskóli FB

Bóknám - Verknám
130 áfangar í boði, dæmi:

Raungreinar - Náttúrufræði, efnafræði, eðlisfræði, landfræði og stærðfræði
Rafvirkjabraut - Rafmagnsfræði, raflagnateikningar og raflagnir
Sjúkraliðanám - Almenn aðhlynnning, skyndihjálp og næringarfræði
Sjúkraliðabru - Sérhæft nám fyrir þá sem vinna umönnunarstörf
Viðskiptagreinar - Bókfærsla, lögfræði og markaðsfræði
Myndlist - Teikning, skúlptúr og menningarsaga
Félagsgreinar - Fjölmiðlun, félagsfræði, sálfræði
Tungumál - Danska, enska, spænska og þýska
Tölvugreinar - Upplýsingatækni og ritvinnsla
Húasmiði - Uppbygging, smíði og burðarvirki
Íþróttir - Fjallgöngur

Innritun í FB

Föstudaginn 11. janúar frá kl. 15 til 19

Netinnritun á www.fb.is (kvöldskóli)



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Bolla Pétur Bollason

Heimsókn

Aðventa er hafin og jólin nálga-
ast. Nýtt kirkjuár heilsar.
Kirkjuárið er ekki tímareikn-
ingur, heldur tákn. Það táknar alla
kristna ævi mannsins og virkar
sem siendurtekin prédikun. Það
sem ber fyrst á góma í þeirri pré-
dikun er þetta: Jesús stendur
við dyrnar og bankar. Eigum við
ekki að banka hjá honum? Það er
nú oftast þannig í mannlífínu að
sá litli þarf að banka hjá hinum
stóra. Nei, konungur lífsins kemur
til okkar að fyrrabragði og bank-
ar. Heimsókn hans spyr ekki um
stöðu og kjör okkar í samfélaginu,
hann vill koma inn í líf okkar allra.
Hins vegar þarf hann gjarnan að
bíða töluvert við dyrnar hjá okk-
ur, því það er svo margt, sem þurf-
um að afgreiða fyrst og hugsa.
Verkefnið sækja á okkur og núna
erum við t.d. með hugann við
undirbúning jóla, þá þekku hátíð,
sem skiptir okkur öll á ákveðinn
hátt máli. Sá undirbúningur kann
efflaust að hafa yfirþyrmandi áhrif
á einhverja, en þá er svo mikil-
vægt að staldra við og ígrunda
tilgang undirbúningsins, sem er
stærri og meiri en allt annað.

Matarboð og hlaðborð eru
t.a.m. án efa fjölmörg framundan,
eitt helsta vandamálið hjá flest-
um er að koma skipulagi á slíka
fögnuði. Gleymum því þó ekki, að
það eru líka manneskjur þarna
úti, sem þekja lítið til skipulagn-
inga að því taginu og eiga helst

þá von í brjósti að verða boðið
og fá heimsóknir. Aðventa og
jól eru jú áberandi tengslatími,
tengsl ber að rækta eins og við
vitum, en það á reyndar við um
allt árið. Með komu sinni minnir
Jesús jafnframt á þetta, umhyggju
og tengslaræktun. Hann kemur
inn í margmenn og hann kemur
inn í einsemd. Hann vill þiggja
matarboð hjá öllum og með hann
viðstaddan veitir boðið meiri nær-
ingu en annars. Það sjást dæmi
þess í Biblíunni að það getur kom-
ið sér vel að eiga matarboð með
honum. Hver man ekki eftir Sak-
keusi tollheimtumanni, sem fékk
Jesú í heimsókn og þegar upp
var staðið, þá var honum ljóst að
hann var ekki að tileinka sér satt
og rétt hugarfar? Hann var ekki
að þjóna sannleikanum, en eftir
að hafa fengið að eiga óvænt sam-
félag við hann, varð hann nýr og
betri maður.

Mig langar til þess að grípa nið-
ur í aðra frásögn í Biblíunni. Rétt-
arhöld standa yfir í Róm og Jesús
mælir við landshöfðingjann mikla
Pontíus Pílatus. “Til þess er ég
fæddur og til þess er ég kominn
í heiminn, að ég beri sannleikan-
um vitni. Hver sem er af sannleik-
anum, heyrir mína rödd. Pílatus
segir við hann: Hvað er sannleik-
ur?” Þarna heyrum við nefnilega
Jesú sjálfan greina frá tilgangi
komu sinnar, sem væntanleg jóla-

hátíð fjallar m.a. um, hann kem-
ur til þess að bera sannleikanum
vitni, hann kemur til þess að ljúka
upp augum okkar á sama hátt og
hann gerði þegar hann kom inn í
líf Sakkeusar. Hann vill hjálpa okk-
ur í því stóra verkefni sem það
er að bæta sig sem manneskja.
Pílatus höfðingi hafði heyrt af
Jesú og verkum hans. Hann sá
samt ástæðu til þess að spyrja
Jesú áður nefndrar spurningar. Við
spyrjum eins og Pílatus og Jesús
bankar upp á til þess að minna á
sig og til að gefa okkur á ný svar
við stóru spurningunni: “Hvað
er sannleikur?” Sannleikurinn sá
verður hvað skýrastur á krossin-
um og við tóma gröf Krists. Þar
hefur líf sigrað dauða, þar hefur
myrkrið beðið lægri hlut fyrir
ljósinu eilífa.

Í skammdegi adventunnar bið-
um við eftir þessari stóru heim-
sókn sannleikans. Það er kveikt
á adventuljósum út í sérhverjum
glugga, hús og garðar upplýsast
í marglitum ljósum, allar vistar-
verur eru þvegnar hátt og lágt.
Eitthvað mikið er í uppsiglingu.
Höfum samt sem áður gætur á því
að ljómi adventuljósaanna dofni
ekki í ókyrrð. Minnumst þess að
Jólabarnið kom ekki í heiminn
með offorsi og látum. Friður og
kyrrð ríkti í fjárhúsinu í Betlehem,
örlágt barnshjal ómaði í kyrrðinni
og flóktandi kertaljós gaf næga
birtu til þess að stoltir foreldrar
gætu dáðst að barni sínu. Leyfum
og látum þá stemningu einkenna
allan undirbúning jóla og jólin
sjálf. Njótum adventu og jóla.

Sunneva í öðru sæti

Í frétt blaðsins í síðasta mán-
uði misritaðist röð sigurvegara í
söngvakeppni FB. Sunneva Lind
Ólafsdóttir var í öðru sæti keppn-
innar með lagið með lagið The
Story með eftir Brandy Carlile.

Arnar Gauti var síðan í þriðja
sæti með lagið I feel good en sigur-
vegarinn var sem fyrr segir Alex-
andra Eva sem lenti í fyrsta sæti
fyrir flutning sinn á laginu Hyper
Music sem hljómsveitin Muse hef-
ur gert frægt.



Sunneva Lind Ólafsdóttir
með hljóðnemann.

JÓLASPILIÐ 2007 ER KOMIÐ



Orðaskak er margverðlaunað metsöluspil sem heldur
þátttakendum á nálum allan tímann.

www.ordaskak.is

Þjóðum Guðmundu Guðlaugsdóttur
sérstaklega velkomna til starfa.


nýjar vörur

Afnemum VSK í desember
Gjafakortin tilvalin jólagjöf

GIORGIO ARMANI BOSS DIESEL FLEÛE
Christian Dior JACOB JENSEN™
LONGINES AIGNER GUCCI

Gleraugnasmiðjan

KRINGLUNNI - Sími 588 9988



ÓDÝRI JÓLAMARKAÐURINN

ÁNANAUST 1
BEINT Á MÓTI GAMLA ELLINGSENHÚSINU

Mikið úrval af jóla-og gjafavöru.
Geisladiskar frá kr. 100.
DVD á kr. 300.
Munið 100 kr. hornið.
Allt nýjar vörur.
Símar 869 8171 - 899 2784

Íslensk kirkjutónlist

Flytjendur: Kór Hjallakirkju ásamt einsöngvurum og hljóðfæraleikurum.
Stjórnandi: Jón Ólafur Sigurðsson.

Fæst í Kirkjuhúsinu, 12 tónum, Pennanum-Eymundsson og í Hjallakirkju.

Nánar á www.hjallakirkja.is/korinn.htm



Sólpuurrkaður saltfiskur

Alltaf úrval af nýjum og góðum fiski
Svið og sviðalappir frá Kópaskeri
(sviðin á gamla mátann)
Úrvals þorláksmessuskata -
stórskata og tindaskata

Opið virka daga frá 10 til 18:30 og
laugardaga fram yfir hádegi.

Fiskbúð Einars

Arnarbakka 4-6 • Sími: 551 1439

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Ægiringar á ÍM 25

Fimmtudaginn 15. nóvember hófst Íslandsmótið í sundi í 25 metra laug. Mótið fór fram í Laugardalnum og var mikil stemning á mótinu. Strax á fyrsta degi bætti Eygló Ósk Gústafsdóttir sitt eigið meyjamet í 100 m. fjórsundi er hún synti á tímanum 1:08,35. Við áttum einnig góðan dag í langfundunum en við áttum þrjár sundkonur í 4. efstu sætunum í 800 metra skriðsundi og þar af Íslandsmeistarann Jóhönnu Gerðu Gústafsdóttur. Ungu strákarnir áttu einnig góð sund í 1500 metra skriðsundi þó ekki dygði það til verðlauna en Ægisliðið er skipað nokkuð yngri krökkum nú en undanfarið.

Á föstudeginum syntu Ægiskrakkar til úrslita í öllum greinum. Bestur varð þó árangurinn í 200 metra flugsundi en þar varð Oddur Örnólfsson Íslandsmeistari á tímanum 2:10,06.

Laugardagurinn byrjaði líka vel og þá sérstaklega hjá hinni 12 ára gömlu Eygló Ósk Gústafsdóttur en hún setti tvö meyjamet í undanrásunum. Fyrst sló hún fimm ára gamalt met Erlu Arnardóttur er hún synti 100 metra baksund á tímanum 1:08,92 og svo stuttu síðar bætti hún sitt eigið met í 200 metra skriðsundi er hún kom í mark á tímanum 2:14,57. En það voru Ægiskrakkar sem syntu til úrslita í nánast öllum greinum þennan dag líka og í lok dags voru komnir tveir Íslandsmeistarar til í viðbót. Það voru þau Oddur Örnólfsson sem varð Íslandsmeistari í 400 metra fjórsundi á tímanum 4:33,11 og Jóhanna Gerða Gústafsdóttir sem varð Íslandsmeistari í 100 metra baksundi á tímanum 2:14,57 sem einnig er stúlknamet. Eygló Ósk bætti svo meyjamet-ið í 100 metra baksundi síðan um morguninn aftur um nokkur sekúndubrot. Á síðasta degi ÍM 25 komust Ægiskrakkar í úrslita-sund í flestum greinum og aftur setti Eygló Ósk Gústafsdóttir tvö



meyjamet í undanrásunum. Að þessu sinni í 200 metra fjórsundi og 200 metra baksundi en þar var hún að bæta sín eigin met. Í lok dags náði svo Baldur Snær Jónsson sér í Íslandsmeistaratitil í 50 metra skriðsundi á tímanum 23,92 síðan varð Ásbjörg Gústafsdóttir Íslandsmeistari í 100 metra flugsundi á tímanum 1:05,20 og að lokum bætti Jóhanna Gerða Gústafsdóttir við sig einum Íslandsmeist-

aratitlinum enn er hún kom fyrst í mark á tímanum 2:15,49 í 200 metra baksundi. Í mótslok höfðu Ægiskrakarnir því fengið sjö gullverðlaun og þar með Íslandsmeistaratitla, níu silfurverðlaun og sjö bronsverðlaun auk þess að hafa sett 10 aldursflokka. Þetta var því aldeilis frábært mót hjá þessum frábæru krökkum.

RG

Hólar með athyglisverða bók

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti hefur sent frá sér athyglisverða bók. Er það ævisaga Sveins Jónssonar, bónda og athafnamanns á Kálfskinni við Eyjafjörð. Sveinn hefur aldrei gengið hefðbundnar götur og komið víða við á lífsleiðinni. Björn Ingólfsson, fyrrum skólastjóri á Grenivík hefur fært ævisögu Sveins í letur og verið ákaflega trúr viðmælanda sínum við það verk. Frásögnin er Sveins. Rétt eins og hann væri að ræða löngu liðna atburði sem viðburði liðandi stundar við eldhúsboðið heima hjá sér eða í setustofunni á Ytri Vík þar sem hann rekur vinsæla ferðapjónustu.

Þótt Sveinn sé aðeins 75 ára og kvikur eins og unglingur þá má segja að frásögn hans spanni meira en heila öld og þær breytingar sem orðið hafa á aðstæð-

um fólks og lífi. Hann hefur frásögn sína á því að segja frá afa sínum og ömmu, fátæku bænda-fólki í Öxnadal og síðan hvernig föður hans tókst að berjast frá örbirgð til álna. Einn þeirrar kynslóðar sem breytti ástand Íslands og veruleika á liðinni öld. Sveinn tók ótrauður við verki föður síns og jók við. Heldur betur myndu börnin segja því hann stækkaði ekki aðeins búið og tæknivæddi heldur rak umfangsmikið byggingafyrirtæki í áratugi sem sonur hans stýrir nú. Sveinn er einnig frumkvöðull í ferðapjónustu á landsvísi. “Við verðum að koma með eitthvað nýtt,” sagði hann á þjóðmálafundi einhverju sinni og þegar Sveinn lætur eitthvað frá sér fara fylgja athafnir gjarnan orðum. Í allri sinni athafnasemi hefur hann löngum gefið sér tíma til að sinna félagsmálum. Hann var burðarás í eyfirskri ungmenna-félagshreyfingu um árabíl og tók umtalsverðan þátt í sveitarstjórn-málum þar sem sjávarþorp voru að byggjast upp á ströndinni fyrir neðan blómlega landbúnaðarbyggð.

Sveinn er víðförlari en trúlega festir bændur landsins. Hann hélt ungur til Danmerkur til náms en lærði síðan húsasmíði í Reykjavík eftir heimkomuna. Í bókinni má finna myndir af þekktum byggingum í Reykjavík sem hann lagði hönd að á sínum tíma. Björn og Sveinn eyða nokkrum hluta bókarrinnar í að fjalla um og segja frá ferðum Sveins innanlands sem utan og kennir þar ýmissa nokk-

uð óvenjulegra grasa. Það á meðal úlvaldareidar hjá Bedúina í hálfgerðri eyðimörk í hinum arabíska heimi og ökuför í brynvörðum Dodge um Bronx og Harlem. Trúlega hefur verið hlýrra í arabísku auðninni og hverfum Nýju Jórvíkur en inni á Eyjafjarðaröræfum þegar Sveinn var einhverju sinni viðskila við ferðafélaga sína í snjó-sleðaferð í blindbil en Sveinn hefur lengi verið ákafur vélsleðamaður. Þegar hann fannst og kom til byggða daginn eftir kvaðst hann í sjónvarpsviðtali hafa lagst á sleðann um nóttina og sungið sálma sér til hugarróar og að halda á sér hita.

Í upphafi bókarinnar segir Sveinn frá því að fólk hafi ekki þekkt hugtakið að vera ofvirkur þegar hann var barn. Hann hefði sennilega verið dæmdur slíkur strax í bernsku. Starfsþörfin hafi verið sér svo rík. Allt of langt væri að telja öll ævintýri Sveins og Ásu konu hans á Kálfskinni í stuttri grein. Bókin er lífleg frásögn um einkar athafnasaman mann og fjölbreytt mannlíf á Árskógsströnd sem eru heimahagar hans en einnig um viðburði í fjarlægum heimshlutum að ógleymdum ýmsum ævintýrum sem hann hefur ratað í þegar um atvinnusögu hans er að ræða. “Vasast í öllu”, sem er titill bókarinnar er réttnefni. Fátt er það sem Sveinn á Kálfskinni hefur talið sé óviðkomandi í gegnum tíðina kynni það að geta horft til framfara og betri vegar.





AFGREIÐSLUTÍMI
SUNDSTAÐA ÍTR
UM JÓL OG ÁRAMÓT
2007 - 2008

	Sunnud. 23. des.	Mánud. 24. des.	Þriðjud. 25. des.	Miðvikud. 26. des.	Fimmtud. 27. des.	Föstud. 28. des.	Laugard. 29. des.	Sunnud. 30. des.	Mánud. 31. des.	Þriðjud. 1. jan.	Miðvikud. 2. jan.
Árbæjarlaug	8-18	8-12.30	lokað	12-18	6.30-22.30	6.30-22.30	6.30-22.30	8-20.30	8-12.30	lokað	6.30-22.30
Breiðholtslaug	8-18	8-12.30	lokað	lokað	6.30-22	6.30-22	8-20	8-20	8-12.30	lokað	6.30-22
Grafarvogslaug	8-18	8-12.30	lokað	lokað	6.30-22.30	6.30-22.30	8-20.30	8-20.30	8-12.30	lokað	6.30-22.30
Kjalarneslaug	11-15	10-12.30	lokað	lokað	17-22	17-21	11-15	11-15	10-12.30	lokað	17-21
Laugardalslaug	8-18	8-12.30	lokað	12-18	6.30-22.30	6.30-22.30	8-20	8-20	8-12.30	12-18	6.30-22.30
Sundhöllin	8-18	8-12.30	lokað	lokað	6.30-21.30	6.30-21.30	8-19	8-19	8-12.30	lokað	6.30-21.30
Vesturbæjarlaug	8-18	8-12.30	lokað	lokað	6.30-22	6.30-22	8-20	8-20	8-12.30	lokað	6.30-22

Sögur af Grund og víðar

Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út Íslenskar gamansögur 1 í samantekt Guðjóns Inga Eiríkssonar. Í einni sögunni segir Kári Elíson, næturvörður á Grund, frá:

“Eitt sinn um nótt þurfti ég að laga ljós yfir rúmi einnar heimilis-konunnar. Til þess að komast að ljósinu varð ég að fara að einhverju leyti upp í rúmið til hennar og segi þá um leið:

„Ég er bara komin upp í rúm til þín, frú mín góð.”

„Já,” svaraði sú gamla. „Það fer

nú hver að verða síðastur til þess.”

Ásta Ragnheiður og Ragnheiður Ásta

Það vakti mikla athygli þegar Halldóri Blöndal úr Sjálfstæðis-flokki varð það á að rugla saman tveimur kvenmannsnöfnum í ræðu-stól á Alþingi. Í máli sínu átti hann við þingkonuna Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur úr Samfylkingunni og Vesturbæing, en kallaði hana þó einhverra hluta vegna Ragnheiði

Ástu Pétursdóttur, sem er allt önnur ella og hefur aldrei setið á þingi, heldur lengst af starfsævi sinnar unnið hjá Ríkisútvarpinu.

Og ekki var nóg með að Halldór ruglaði þessum ágætu konum sam-an, því er hann ætlaði að leiðrétta mistök sín og biðjast afsökunar á þeim, þá tókst það ekki betur en svo, að úr varð enn einn nafnarugl-ingurinn.

Margir hlógu að þessari uppá-komu, en aðrir töldu að Halldór hefði með þessu athæfi sínu móðg-

að og lítillækkað Ástu Ragnheiði og voru sárir fyrir hennar hönd. Af málflutningi þeirra mátti einna helst ætla, að svona lagað hefði aldrei áður gerst hér á landi og varðaði jafnvel við hegningarlög.

Halldór lét þessar ásakanir sem vind um eyru þjóta, en nokkru síð-ar var hann staddur í kaffistofu Alþingis og sat þar á spjalli við Sam-fylkingarmann utan af landi. Ásta Ragnheiður var þá í ræðustól og gátu þeir bæði séð hana og heyrt í sjónvarpi sem þarna er staðsett. Þeir gáfu henni þó lítinn gaum í fyrstu, en síðan leggur Halldór við hlustir um stund og er þá alvar-legur mjög. Lítur svo á sessunaut sinn, hristir hausinn í hneykslan og segir:

„Svo segja menn að það skip-ti einhverju máli hvað hún heiti, þessi kona.”

Ljósvakamismæli

Seinni hlutann í febrúar 2006 var viðtal í fréttatíma á RÚV við Vernharð Guðmundsson, fulltrúa í launanefnd slökkviliðsmanna, en hún var þá nýbúin að hafna launa-tilboði. Þegar ástæðu þess svaraði hann:

„Fólk verður að gera sér grein fyrir því að við erum búnir að fá okkur fullsadda á því að hætta bæði lífi, limi...”

Í fréttum á sömu stöð, það er RÚV, sagði Gunnar Gunnarsson fréttamaður:

„Litlar líkur eru á því að fleiri lík finnist á lífi...”.

Ingólfur Bjarni Sigfússon var að lesa fréttir á Stöð 2 og varaði þá meðal annars við óhollustu í til-reknum matvælum. Fréttinni lauk hann á þennan veg:

„Þetta á einkum við um vanfærar konur á barneignaraldri.”

Vitlaust riðið

Einhverju sinni bar svo til að truflanir urðu á rafmagninu í húsi læknishjónanna á Sauðárkróki, þeirra Torfa Bjarnasonar og Sigríð-ar Auðuns. Þórður var kvaddur til að kanna hvað ylli þessum vand-ræðum og eftir ýmsar mælingar hrópaði hann upp yfir sig úr eins manns hljóði:

„Það er barasta vitlaust riðið í þessu húsi,” sem á máli rafmagns-fræðinnar þýðir eitthvað á þá leið, að straumtíðnin sé öðruvísi en hún ætti að vera.

Læknisfrúin hafði fylgst nokkuð grannt með vinnu Þórðar. Hún þekkti lítið til fagmáls rafvirkja og varð því fremur hvumsa við þessa yfirlýsingu hans. Lét þó ekki á neinu bera, en létti hins vegar mjög í sinni þegar rafvirkinn lýsti því yfir einhverjum mælingum síðar, að „líklega væri nú rétt riðið í húsinu

eftir allt saman”. Missti hún þá reyndar út úr sér:

„Mikið þykir mér nú vænt um að heyra það, Þórður minn.”

Heavy weather

Eftir Kristjáni Hreinssyni Vestur-bæingi er haft:

“Það var skömmu eftir miðjan sjöunda áratug síðustu aldar að við stofnuðum hljómsveitina Frið-ryk, ég og tveir vinir mínir, Tryggvi Hübner og Erik Mogensen. Við feng-um til liðs við okkur valinkunna snillinga: Valgeir Skagfjörð, Sig-urð Árnason og Ólaf Garðarsson. Valgeir hafði verið með Tryggva í hljómsveitinni Cabarett en þeir Sigurður og Ólafur höfðu verið í hljómsveitinni Náttúru.

Við höfðum samið nokkuð af tón-list, æskufélagarnir, ég, Tryggvi og Erik. Og þegar bandið hafði æft allvel, kom að því að fara í hljóðver og hljóðrita herlegheitin.

Eftir nokkrar vikur í SG-Stúdíói, undir dyggri handleiðslu Sigurð-ar Árnasonar, höfðum við náð að spila inn tólf lög og fórum þá þegar í það að leita að útgefanda. Leið okkar lá á fund Jóhanns Páls Valdi-marssonar - JPV sjálfs - hjá lðunni og afhentum við honum kassettu sem við lofuðum mjög og báðum hann að hlýða á með útgáfu í huga.

Nokkrum dögum eftir að við afhentum Jóhanni Páli kassettuna mætum við á skrifstofu hans, ég og vinur minn, Tryggvi. Brosmildir stóðum við hjá skrifborði Jóhanns og reiknuðum með gáfulegri og jákvæðri úttekt á því sem við höfð-um boðið honum að hlýða á. Hann rétti okkur hins vegar kassettuna með þeim orðum að þetta væri alls ekki nógu gott hjá okkur og engan veginn það sem hentaði til útgáfu hjá fyrirtækinu. En hann hvatti okkur til að halda áfram því aldrei væri að vita nema bandið ætti eftir að gera betur.

Daprir í bragði þökkuðum við Jóhanni Páli fyrir, kvöddum, fórum út í bíl og smelltum kassettunni í spilarann. Og þá varð okkur ljóst að við höfðum látið Jóhann Pál fá ranga kassettu, þótt vissulega væri hún merkt nafni hljómsveitarinn-ar. Kassetta þessi hafði að geyma ekki ómerkilegri upptöku en meist-araverkið „Heavy Weather” með hljómsveitinni Weather Report. Ekki er mér ljóst í hve mörgum eintökum sá ágæti gripur seldist en mig grunar að fáir Íslendingar hafi náð þeim sölutölum sem Zawin-ul, Shorter, Pastorius og félagar náðu með þessu tímamótaverki. Með „Heavy Weather” sló Weather Report endanlega í gegn og platan var valin „plata ársins” víða um heim og var söluhæsta plata þess-arar mögnuðu grúppu, seldist í milljónum eintaka.”



Starfsfólk endurvinnslustöðva SORPU óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum samstarfið á árinu.

Með ykkar þátttöku höfum við náð góðum árangri í að koma flokkuðum úrgangi til endurnýtingar.

Opnunartíma starfsstöðva SORPU um hátíðarnar má nálgast á sorpa.is



Flokkum og skilum



Erum með 2 Risa skjái...

Boltinn er sýndur í beinni....

4 pool borð....

Grill matseðill...

Verið velkominn.

Tilboð Bjór af krana 400 kr

Ráningas Manudaga til* miðvikudaga.

-OPNUNARTÍMAR-

Mán-Mið	18:00-00:00
Fimmtudagar	18:00-01.00
Föstudagar	18:00-03:00
Laugardagar	13:30-03:00
Sunnudagar	13:30-01:00

LEIGDU SAL Í SÍMA: 5771718

-BESTI PÖBBINN Í BREIDHOLTINU

MOE'S BAR - JAFNASEL 6 - S:5771718



Í Seljaskóla eru eftirtalin störf laus til umsóknar:

- Seljaskóli óskar eftir að ráða :
- Forfallakennara
- Stuðningsfulltrúa
- Skólaliða í fullt starf
- Skólaliða í 60% starf (9-14) í mötuneyti

Seljaskóli er heildstæður skóli með áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og teymisvinnu kennara. Í skólastarfinu er stuðlað að velliðan nemenda og starfsmanna. Markvisst er unnið að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda og skólinn er Olweusarskóli gegn einelti. Einkunnarorð skólans eru: *Samvinna-ábyrgð-traust og tillitssemi.*

Nánari upplýsingar veitir Þórður Kristjánsson skólastjóri, sími: 411-7500 / 664-8330

Heildartekjur 58 milljarðar

Heildartekjur borgarsjóðs Reykjavíkurborgar eru áætlaðar um 58 milljarðar króna á næsta ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Þar af eru útsvarstekjur áætlaðar um 42 milljarðar en rekstrargjöld aftur á móti um 62 milljarðar króna.

Ráðgert er að verja einum milljarði króna í uppbyggingu opinna svæða og útivistaraðstöðu í borginni og borgaryfirvöld hyggjast leggja liðlega 13 milljarða króna til gatnagerðar og fasteigna. Í máli Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra kom fram er hann fylgdi fjárhagsáætluninni úr hlaði að rekstur borgarinnar hvíli á traustum grunni og ekkert launungarmál að fjármálastjórn borgarinnar hafi einkennst af ábyrgð, framsýni og festu um árabíl. Fjárhagsáætlunin sé raunsæ varðandi útgjöld en varfærin varðandi horfur um tekjuþróun.

Frá orðum til athafna

Frá orðum til athafna voru ummæli Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra þegar hann kynnti frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2008 á dögnum. Samkvæmt frumvarpinu verður einum milljarði króna varið í uppbyggingu opinna svæða og útivistaraðstöðu í öllum hverfum borgarinnar. Borgarstjóri sagði að þetta yrði unnið í samvinnu við stórefld hverfaræð og íbúa hverfanna. Hann lagði áherslu á markvissar aðgerðir í húsnæðismálum, áframhaldandi áhersla á mannauð og framsækna starfsmannastefnu. Borgarstjóri sagði við þetta tækifæri að rekstur Reykjavíkurborgar stæði á traustum grunni, enda sé ekkert launungarmál að fjármálastjórn borgarinnar hafi einkennst af ábyrgð, framsýni og festu um árabíl. "Fjárhagsáætlunin er raunsæ um þróun rekstrarútgjalda, en varfærin varðandi horfur um tekjuþróun og endurspeglar þannig þá ábyrgu meðferð skattfjár sem borgaryfirvöldum ber að stunda," sagði Dagur B. Eggertsson. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri kvaðst við sama tækifæri að mörgu leyti ánægður með frumvarpið en hann hefði áhyggjur af því að fjármálastjórn hins nýja meirihluta færi í sama horf og R-listans sem væri ekki fagnaðarefni fyrir íbúa Reykjavíkurborgar.

Jákvæð rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir tæpum tveggja milljarða króna hagnaði á árinu 2008 eftir fjármagnsliði. Áætlað er að útsvarstekjur borgarinnar á næsta ári nemi um 42 milljörðum króna, en til samanburðar er gert ráð fyrir að útsvarstekjur á þessu ári verði 39,3 milljarðar króna. Tekjur af fasteignaskatti og lóðarleigu eru áætlaðar um 11,2 milljarðar króna. Saman eru skatttekjur borgarinnar áætlaðar 50,7 milljarðar króna að frádreginni greiðslu í Jöfnunarsjóð. Samanlagðar skatttekjur og þjónustutekjur eru áætlaðar rétt tæpir 58 milljarðar á árinu 2008, sem er um 9% hækkun frá útkomuspá fyrir þetta ár. Þá koma að auki, inn í Aðalsjóð, tekjur vegna fjármagnsliða upp á tæpa 5.9 milljarða.



Gert er ráð fyrir að útgjöld Aðalsjóðs hækki um 6,6 milljarða milli ára miðað við útkomuspá fyrir árið 2007 og verði tæpir 62 milljarðar fyrir fjármagnsliði. Sú hækkan skýrist að meginhluta til af breytingum á lífeyrisskuldbind-

ingum, hækkaðri innri leigu, verðlagsþróun og launahækkunum, en einnig eiga þó sérstakar aðgerðir í starfsmannamálum, aðgerðir í húsnæðismálum og aukin hreinsun gatna og borgarlandsins sinn hlut í þessari útgjaldaaukningu.

Kæru íbúar í Breiðholti

Starfsfólk í Fella-og Hólakirkju óskar ykkur innilega gleðilegra jóla. Guð gefi að gleði, friður og fögnuður helgrar hátíðar megi fylgja ykkur á nýju ári. Við þökkum ykkur samfylgdina

og allar samverustundir á liðnu ári og bjóðum ykkur velkomin í kirkjuna yfir hátíðarnar og á nýju ári.

Kær kveðja
Starfsfólk Fella- og Hólakirkju

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu



Hárgreiðslu- og rakarastofan
Galtará
Hraunbergi 4 • S: 557-2440



TILBOD

HRAUNBERGS

1 NÝ+ 1 ELDRI

COKE 2L

OG

MAARUD

VERÐ:

990,-

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298
borgarblod@simnet.is
borgarblod.is

Nýir eigendur Gleraugnasmiðjunnar

Sjöntækjafræðingarnir Hreinn Ingi Hreinsson og Jóhannes Ingi-mundarson tóku við rekstri Gler-augnasmiðjunnar 1. júlí sl. Þeir ásamt Guðmundu Guðlaugsdótt-ur eru Breiðhyltingum að góðu kunn fyrir afburða þjónustu við viðskiptavinina sína.

Nú bjóða þau íbúa Breiðholts velkomna í verslun sína í Kringl-unni og lofa jafnvel enn betri þjónustu en verið hefur. Í desem-bermánuði eru góð tilboð í gangi hjá þeim, linsur á góðu verði og afsláttur sem nemur virðisauka-skatti af öllum gleraugum. Þau hafa til sölu vinsælustu merkin á markaðnum í dag, þ.m.t. Gucci, Dior, Armani, Diesel, Fleye og hin-ar fislétu dönsku titanumgjarðir sem hægt er að sveigja fram og aftur frá Jacob Jensen.

Jólamarkaður

Jólamarkaður hefur verið opn-aður á horni Vesturgötu og Ána-nausta í Reykjavík í gamla húsi Vélasölunnar. Á markaðinum kennir margra grasa. Þar er að finna kerti í mörgum litum og gerðum og margvíslegan annan jólavarning. Þá er einnig mikið úrval geisladiska og DVD diska á ótrúlegu verðlagi eða allt frá 100 krónum fyrir stykkið. Talsvert er um diska með lögum eldri höf-unda og flytjenda og mun sumt af því orðið illfáanlegt nema þá á safndiskum. Aldraðir og öryrkj-ar fá 20% afslátt af öllum vörum á jólamarkaðnum þann tíma sem hann stendur.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298

Stefán Jóhann Stefánsson, fráfarandi formaður Hverfafélags Samfylkingar í Breiðholti skrifar:

Borgarstjórn vill styrkja hverfin

Nýr meirihluti í borgarstjórn hefur boðað að hverfisráð sem kjörin eru af borgarstjórn verði eflð, þannig að betur megi taka mið af óskum íbúa í hverfinu. Það verður fjölgað í ráðunum, þau fá aukið fjármagn til umráða og aukinn umsagnarrétt. Rætt hefur verið um að leita eftir sjón-armiðum íbúanna á kerfisbund-inn hátt, t.d. með skoðanakönn-un, til þess að fá fram hvernig íbúar meta hverfi sitt og hvað þeir telja að þurfi að gera. Er ástæða til þess að binda vonir við að hin nýju hverfisráð muni með þessu móti efla hverfalýð-ræði í borginni.

Við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár hefur verið gert ráð fyrir auknum fjármunum til hverfistengdra verk-efna. Að tillögu Dags B. Eggerts-sonar, borgarstjóra, hefur borg-arráð fyrir sitt leyti samþykkt að verja 100 milljónum króna árlega til hverfistengdra verkefna. Ætl-unin er að verja fénu til að styrkja verkefni sem stuðla að auknum árangri í forvarnastarfi, uppbygg-ingu félagsauðs, bættri umgengni, auknu öryggi og markvissara samstarfi Reykjavíkurborgar og frjálsra félagasamtaka í hverfun-um undir samhæfingu og stjórn þjónustumiðstöðva. Hér er um mjög merkilega nýjung að ræða og stórt framfaraskref í þróun hverfalýðræðis í borginni. Að auki er gert ráð fyrir að hverfisráðin

geti styrkt einstök verkefni í hverf-unum, auk þess sem ætlunin er að þau geti í vaxandi mæli, í samráði við íbúa og framkvæmdaaðila í borginni, haft áhrif á framvindu ýmissa framkvæmda.

Af þessu tilefni er rétt að minna á að í Breiðholti eru starfandi hverfafélög á ýmsum grunni. Fyrir utan íþróttafélög og safnaðarfé-lög, og ýmis minni samtök, hafa á síðustu árum verið stofnuð félög sem hafa það fyrst og fremst að markmiði að bæta búsetuskil-yrði í hverfinu. Síðustu misseri hefur mest borið á nýstofnuðum Íbúasamtökum, Betra Breiðholti, sem hafa látið stór mál og smá til sín taka, og komið, ásamt öðr-um, í veg fyrir opnun spilasalar í Mjódd, auk þess að vekja athygli á samgönguumbótum og þéttrið-um farsímamöstrum. Það er mjög til bóta fyrir hverfið að hafa þessi samtök starfandi, en ötull formað-ur í þeim er Helgi Kristófersson. Það er stefna nýs meirihluta í borginni að styðja vel við bakið á þessu félagi.

Ég tel það nú ekki mitt hlutverk að fjalla sérstaklega um félag sjálf-stæðismanna í hverfinu, en læt þess þó getið að það er gott til þess að vita að það sé til. Hins vegar vil ég sérstaklega minn-ast á Hverfafélag Samfylkingar-innar, sem hefur verið starfandi í Breiðholti frá árinu 2003. Það hefur látið ýmis mál til sín taka

á umliðnum árum, bæði á sviði sam-göngumála, almennta uppbygging-armála og félagsmála svo nokkuð sé nefnt. Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 29. nóv-ember kom m.a. fram að það væri mjög mikilvægt fyrir Breiðholts-hverfin að tryggja góða þjónustu í þeim þjónustukjörnum sem eru til staðar, bæði í Hólunum og eins í Mjódd, en í þeim síðarnefnda þyrfti að gera verulegt átak í bíla-stæðamálum. Fram kom sú ein-dregna skoðun á fundinum að góð-ir þjónustukjarnar af þessu tagi skiptu sköpum fyrir íbúa í hverf-unum. Þá kom fram hjá Björk Vil-helmsdóttur, borgarfulltrúa Sam-fylkingar, að nú hillir loks undir að hægt sé að klára ýmsar fram-kvæmdir í skólum og hefja endur-bótaatak á skólalóðum í hverfinu.

Stefán Jóhann Stefánsson.

Ný stjórn var kjörin á fundin-um, en í hana voru valin Falasteen Abú Libdeh, Aðalheiður Franzdótt-ir, Áslaug Þórisdóttir, Gunnar H. Gunnarsson og Gunnar Þórðar-son. Stjórnin á eftir að skipta með sér verkum.

Gefðu glæsilega gjöf

undirfatnaður og náttfatnaður í miklu úrvali

Olympia Mjódd 109 Fvk. Þönglabakki 6 S:553 3600 olympia.is

borgarblod.is

FISKURÆMANNINN

FISKBÚÐIN Í ÞÍNU NÁGRENNI

Hamraborg - Búðarkór - Dalvegi

GERIR GÓÐAN MAT BETRI

Ég ætla að koma yngri flokkum á efra getustig

- segir Bojan Desnica, yfirþjálfari yngri flokka Körfuknattleiksdeildar ÍR

- Hvaðan ertu og hvað ertu búinn að búa lengi á Íslandi?
Ég er frá Serbíu og hef búið hér í sjö ár. Ég væri ekki búin að vera svona lengi nema mér líkaði að vera hér.

- Hefur þú þjálfað síðan þú komst fyrst?
Ég byrjaði að þjálfra hálfu ári eftir að ég kom fyrst til Íslands. Ég kom ekki hingað til að þjálfra. Ég kom fyrst og fremst til að vinna í tengslum við lyfjafræðinám í Serbíu. Þjálfun var s.s. ekki númer eitt. Ég þjálfaði yngri flokka í 4 ár hjá KR, varð síðan aðstoðarþjálfari hjá m.fl.ka. og þjálfari m.fl.kv. þar. Veturinn 2006 til 2007 fór ég yfir í Breiðablik, þjálfaði m.fl.ka. og var yfirþjálfari yngri flokkanna þar.

- Hvers er ætlast til af þér hjá ÍR?
Ég vinn í samráði við Barna- og unglingaráð deildarinnar um að bæta starfið innan deildarinnar. Ég ætla að koma yngri flokkum á efra getustig og fjölga í deildinni. Kynningarstarfið var ábótavant í hverfinu og mér var ætlað að kynna betur starfið, láta vita að karfa væri til innan ÍR. ÍR er stórt félag og það vita ekki nærri allir að þar sér hægt að æfa körfu.

- Nú er ÍR að vinna betur að því að ná til fólks af erlendum upp- runa t.d. með rannsókn sem nú er í gangi. Hvað hefur Körfuknattleiks- deildin gert til að ná til þessa fólks?
Það eru mjög margir útlendingar í hverfinu, sérstaklega í Efra-Breið-



Bojan í hópi káttra krakka.

holti. Við höfum ákveðið að ná til þeirra með því að gefa út bækling. Þar segjum við frá körfunni á sex tungumálum. Þannig mætum við stórum hluta þessa fólks. Það er ekki hægt að þýða svona á 20 til 30 tungumálum eins og þyrfti til að ná til hvers og eins. Við bjóðum líka upp á æfingar yngstu iðkenda sem næst sínu heimili, æfingar eru í íþróttahúsum Breiðholtsskóla, Fellaskóla og Seljaskóla.

- Hvernig líst þér á börnin sem hafa komið til þín?
Það eru margir krakkar mjög efnilegir og leyfi ég þeim að taka þátt í æfingaleikjum á móti liðum

í Reykjavík og nánasta nágrenni einu sinni í mánuði.

- Hvað með félagslega þáttinn?
Það á líka að vera gaman utan æfinga. Ekki bara æfa. Það má t.d. fara á m.fl.leiki saman, hafa pizza- kvöld, horfa saman á körfubolta í DVD, fara í keilu og svo er blogg- síða sem við notum.
Þökkum við Bojan Desnica fyrir viðtalið og vonumst við alls hins besta hjá honum og Körfuknattleiksdeild ÍR. Næst verður Hörður Ingi Jóhannsson þjálfari Keiludeildar ÍR tekinn tali.

SGH

Þrjú Íslandsmet í byrjun

Frábær árangur náðist á Silfurleikum ÍR sem haldnir voru í 12. sinn í frjálsíþróttahöllinni í Laugar- dal laugardag 17. nóvember. Þar voru mættir um 490 keppendur á aldrinum 4 til 16 ára frá 17 félögum víðsvegar um landið og er þetta langstærsta haustmót sem haldið er á landinu í frjálsum íþróttum. 174 keppendur komu frá ÍR sem er mesta þátttaka frá upphafi.

Ekki var nóg að þátttökumet væri slegið en á mótinu voru sett þrjú ný Íslandsmet og eitt jafnað. Hekla Rún Ámundadóttir bætti eigið met í kúlu- varpi stelpna 11 till12 ára úr 13,34 metrum í 14,20 metra, hún bætti einnig metið í 11 til 12 ára flokki í þrístökki þegar hún stökk 10,66 en gamla metið átti Dóróthea Jóhann- esdóttir ÍR og var það 10,48 metrar. Þriðja Íslandsmetið sem féll var í 800 metra hlaupi 11 til 12 ára stelpna og það gerði Aníta Hinriksdóttir þegar hún hljóp á 2:32,63 mín. Gamla metið átti Kristín Liv Svabo Jónsdóttir ÍR og var það 2:34,85 sett í janúar 2007. Einnig var eitt Íslandsmet í flokki 11 til 12 ára stelpna jafnað og það gerði Meklín Daníelsdóttir í hástökki þegar hún vippaði sér yfir 1,55 metra.

Margir keppendur náðu góðum árangri á þessu móti og féllu til dæmis um eitt hundrað persónuleg met, bara hjá ÍR-ingum. Það var hörku- barátta í flestum greinum en ÍR-ingar voru sigurvegarar í 15 greinum, urðu í öðru sæti í 19 greinum og þriðja sæti í 19 greinum eða samtals 52 verðlaun.

Áhugi eykst með batnandi aðstöðu

Gaman var að sjá þann fjölda keppenda sem var á mótinu og sýnir það vel að með batnandi aðstöðu frjálsíþróttafólks hefur áhugi á frjáls- um íþróttum aukist til muna. Margir efnilegir krakkar og unglingar voru



Kaupmannahafnafarar úr hópi frjálsíþróttafólks í Kaupmannahöfn á liðnu sumri.



Frjálsíþróttafólk á ferð um Hornstrandir.

þarna á fleygiferð og virkilega gaman að sjá keppnisandann sem skein úr öllum andlitum jafnt þeim sem hafa keppt í mörg ár og eins þeim sem voru að koma á sitt fyrsta mót. Heildarúrslit má finna undir www. fri.is/mótaforrit. Framkvæmd móts- ins var frjálsíþróttadeildinni til mikils sóma eins og alltaf. Heildarfjöldi starfsmanna var hátt í 100 talsins og um 20 manns stóðu vaktina frá því

kl. 9 um morguninn til kl 17 um daginn en án öflugra starfsmanna væru engin frjálsíþróttamót haldin. Mótið er mikilvægt fyrir deildina á margan hátt bæði sem kynning á frjáls- um íþróttum, kynning á starfsemi frjálsíþróttadeildarinnar og síðast en ekki síst sameiginlegur gæðatími foreldra og barna í sameiginlegu og heilbrigðu áhugamáli í góðra vina hópi.

Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

Kraftur í skokkurum og langhlaupunum

Það eru ekki aðeins unglingarnir sem eru að standa sig vel, ÍR-skokk, undir stjórn Gunnars Páls Jóakimssonar hafa verið iðin við að taka þátt í hinum ýmsu hlaupum út um allan heim.

Þátttaka í slíkum hlaupum nýtur sívaxandi vinsælda enda engin furða þar sem stemningin er mikil og umgjörð hlaupanna til

fyrirmyndar. Það er einnig mikilvægt að hafa að einhverju að stefna reglubundið yfir árið því þjálfun fyrir langhlaup og ekki síst maraþon er erfið og tímafrek. 18 ÍR-ingar hafa staðið sig vel í þremur stórum maraþonum að undanförnu; New York maraþoninu í nóvember, Frankfurt maraþoninu í október og í Berlínar maraþoninu.

Unglingar áfram í úrvalshóp FRÍ

Unglingar úr frjálsíþróttadeild ÍR halda áfram að ná viðmiðum inn í Afreks- og Úrvalshóp unglinga FRÍ. Á silfurleikunum bætti Guðrún Haraldsdóttir (1993) í Afrekshópinn þegar hún stökk 1.65 metra í hástökki meyja, Arna Ómarsdóttir (1991) stórbætti sig í kúluvarpi (3kg.) þegar hún kastaði 12.66 metra sem er lágmark inn í Afrekshópinn, hún er því með tvær greinar þar

inni, kúluvarp og spjótkast frá því í sumar. Juan Ramón Borg- es (1992) hljóp sig inn í úrvals- hópinn í fyrsta sinn þegar hann hljóp 60 metra á 7.62 sek. Til hamingju með þetta krakkar en Guðrún var fimmti ÍR-ingurinn sem nær inn í Afrekshópinn (19 alls) og Juan Ramón 26. ÍR-ingurinn sem nær viðmiði en hópurinn telur 107 unglinga.

Jólatréssala Handknattleiksdeildar

Handknattleiksdeild ÍR verður með jólatréssölu við ÍR-heimilið frá 14. des. og fram að jólum. Opið verður eftirfarandi daga: 14. des. frá kl. 17.00 – 21.00.
Dagana 15. og 16. des. frá kl. 13.00 – 22.00.
Dagana 17. – 21. des. verður opið frá kl. 17.00 – 22.00.

Dagana 22. og 23. des. verður opið frá kl. 13.00 – 22.00.

Styðjum við handboltaliðið okkar og verslum jólatré í heimabyggð

Áfram ÍR

Flugeldasala Knattspyrnudeildar

Eins og undanfarin ár verður flugeldasala í ÍR-heimilinu. Opnað verður fimmtudaginn 27. des. frá kl. 13.00 og verður opið alla daga frá kl. 13.00 – 22.00 fram að 30. des. en þann 31. des. verður opið frá kl. 10.00 – 15.00.
Verslum við íþróttafélagið okkar þannig gerum við félagið enn öflugra.

Áfram ÍR

GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

JACQUES LEMANS SPORTS
THE FORMULA 1™ COLLECTION
... perfection without compromise!
GP Chrono FS015
Franch Michelsen
URSMÍÐAMEISTARI

Sælkeramatur úr Þinni Verslun



Þín verslun
Seljabraut Sími 537 1780



Sauðahangikjötið komið!
Veturgamalt og
tvíreykt fullorðið

aliandabringur
aligæsir
lynghænur
villigæsir
ferskir kalkúnar
kalkúnabringa
hamborgarahryggir
Borgarneshangikjöt
KEA hangikjöt
sauðahangikjöt
hreindýrakjöt
skógardúfur
dádýrakjöt
nautasteikur
rifjasteik
Hólsfjallahangikjöt



svínabógar
ný svínalæri
reykt svínalæri
reyktur lax
grafinn lax
reykt laxapate
reyktur silungur
fiskipate
jólasild
magáll
reyktur svínabógur
laufabrauð
parmaskinka
pate í úrvali
Húsavíkurhangikjöt
krónhjartarkjöt o.fl.

Pantið jólamatinn tímanlega!



Kengúrufillet



Villigæs



Krónhjartarfillet



498 kr.



Egils jólaöl
& appelsín
Jóladríkkur
99 kr.



Kassi af
Klemenrtinum
2,3 kg 398 kr.

**Hamborgar-
hryggur**

verð frá kr.

998 kg.

Þín verslun
Seljabraut Sími 537 1780



Coca-Cola

Með þér um jólin!